



Ársskýrsla

Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar

2013-2014

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	2
1. Inngangur	4
2. Skólaárið 2013-2014	5
2.1. Yfirlit yfir starfsfólk og stöðugildi	5
2.1.1. Heiðarskóli	5
2.2. Breytingar í starfsmannahaldi fyrir næsta skólaár	7
2.3. Stjórnun og verkaskipting	7
2.4. Starfslýsing verkefnastjóra skólaárið 2014-2015	9
2.5. Skóladagatöl	10
2.5.1. Skóladagatal Skýjaborgar 2014-2015	10
2.5.2. Skóladagatal Heiðarskóla 2013-2014	10
2.6. Upplýsingaflæði	10
2.7. Skýrslur frá skólabókasöfnum skólaárið 2013-2014	11
Tillögur að breytingum	11
2.8. Skýjaborg	12
3. Áherslur vetrarins 2013-2014	14
3.1. Mentor	14
3.1.1. Tillögur að breytingum	14
1. Skýrslur verkefnastjóra	14
3.2. Sjálfsmat – Gæðagreinir / Barnið í brennidepli	15
3.2.1. Sjálfsmatsáætlun Heiðarskóla	15
3.2.2. Aðferðir og framkvæmd matsins í Heiðarskóla	15
3.2.3. Þróunar- og umbótaáætlun Heiðarskóla 2013-2014	15
3.2.4. Meginniðurstöður úr starfsmannaviðtölum – Heiðarskóli	17
3.3. Sjálfsmat Skýjaborgar	18
3.3.1 Þróunar- og umbótaáætlun Skýjaborgar 2014-2015	19
3.3.2. Meginniðurstöður úr starfsmannaviðtölum – Skýjaborg	20
3.4. Samstarf leik- og grunnskóla	21
3.5. Sí- og endurmenntun	22
3.5.1. Sí- og endurmenntun 2013-2014	22
3.5.2. Tillögur að breytingum	25
3.5.3. Starfendarannsókn	26

3.5.4.	Fræðslustjóri að láni	28
3.10	Skólanámskrágerð leik- og grunnskóla.....	28
4.	Kennslufyrirkomulag og fjöldi nemenda var eftirfarandi í vetur:	30
4.1.	Tillögur að breytingum.....	30
4.2.	Skýrsla um sérkennslu.....	30
4.3.	Skýrsla frá Skýjaborg.....	33
4.4.1	Uppeldi og menntun	34
4.4.2	Dagar og viðburðir á skólaárinu	35
4.4.3	Samstarf við samstarfsaðila.....	36
4.4.4	Foreldrasamstarf.....	36
5.	Heiðarborg.....	38
5.1.	Tillögur að breytingum	38
6.	Mánaðarskýrslur skólastjóra.....	40

1. Inngangur

Þessi ársskýrsla inniheldur upplýsingar um skólaárið 2013-2014 í Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar. Markmið skýrslunnar er að gefa sem bestar upplýsingar um skólastarfið, faglegt, rekstarlegt og félagslegt. . Að gerð skýrslunnar koma allir starfsmenn skólans með einhverjum hætti, skólastjóri ritstýrir verkinu.

Skýrslan er send til fræðslu- og skólanefndar, til skólaráðs og foreldrafélags. Auk þess er hún aðgengileg á heimasíðu skólans.

Leik- og grunnskóli Hvalfjarðarsveitar varð til við sameiningu leikskólans Skýjaborgar og grunnskólans Heiðarskóla undir eina stjórn haustið 2011. Skólinn er rekinn á tveimur starfsstöðvum, leikskólinn í Melahverfi og grunnskólinn við Leirá. Skólinn leggur áherslu á umhverfis- og náttúruvernd og eru báðir skólarnir Grænánaskólar. Einkunnarorð skólans eru vellíðan, virðing, metnaður og samvinna.

Leikskólinn Skýjaborg er tveggja deilda leikskóli með um 40 börn á aldrinum 1-6 ára. Leikskólinn stendur í miðju íbúðahverfi í miðri Hvalfjarðarsveit, en mjög stutt er að sækja í ósnortna náttúru allt í kring, móa, kletta og trjágróður. Í leikskólanum er lögð áhersla á leik með opinn efnivið og lýðræði og þátttöku barna í skólastarfinu. Unnið er eftir hugmyndafræði Johns Dewey um nám í gegnum reynslu, kenningum Caroline Pratt um opinn efnivið og kenningum Howard Gardner um fjölgreindir.

Heiðarskóli er einsetinn grunnskóli fyrir nemendur í 1.-10. bekk. Nemendur Heiðarskóla voru um 83 talsins í vetur. Skólinn leggur áherslu á umhverfismennt og spjaldtölvunotkun og starfar eftir hugmyndafræði uppbyggingarstefnunnar. Með uppbyggingu eflum við sjálfstraust nemenda og kennum þeim sjálfsaga.

2. Skólaárið 2013-2014

Leik- og grunnskóli Hvalfjarðarsveitar.

Heiðarskóli

301 Akranes

s: 433 8525

Skólastjóri: Jón Rúnar Hilmarsson

Sviðsstjóri: Sigríður Lára Guðmundsdóttir

Skýjaborg

Innrimel 1

301 Akranes

s: 433 8530

Skólastjóri: Jón Rúnar Hilmarsson

Sviðsstjóri: Þórdís Þórisdóttir

www.skoli.hvalfjardarsveit.is

2.1. Yfirlit yfir starfsfólk og stöðugildi

2.1.1. Heiðarskóli

Nafn:	Starf:	Starfshlufall:
1 Alexandra Chernyshova	Tónmenntakennari	73%
2 Einar Sigurdór Sigurðsson	Umsjónarkennari	100%
3 Helena Bergström	Myndmenntak. Og verkefnastjóri Umhv.m.	100%
4 Helga Harðardóttir	Íþróttakennari	100%
5 Hjálmur Dór Hjálmsson	Umsjónarkennari	100%
6 Hrafnhildur Ýr Árnadóttir	Umsjónarkennari	100%
7 Íris Dröfn Kristjánsdóttir	Umsjónarkennari	100%
8 Jónella Sigurjónsdóttir	Umsjónarkennari	100%
9 Katrín Rós Sigvaldadóttir	Dönskuk. Og verkefnastjóri skólaþróunar	100%
10 Ólöf Guðmundsdóttir	Sérkennari / þroskaþjálfari	100%
11 Ómar Örn Kristófersson	Smíðakennari	56%
12 Sigríður Björk Kristinsdóttir	Sér- og heimilisfræðikennari	100%
13 Sigríður Lára Guðmundsdóttir	Sviðsstjóri og textílkennari	50%
14 Sigurður Tómasson	Umsjónarkennari	100%
15 Örn Arnarson	Stærðfr.-/enskukennari og verkefnastjóri Tækniþr.	100%

Almennir starfsmenn:

Nafn:	Starf:	Starfshlufall:
1 Alexandría Björg Scheving	Almennur starfsmaður	í fæðingarorl.
2 Birgitta Guðnadóttir	Almennur starfsmaður og stuðningsfulltrúi	85 %
3 Bjarni Guðjónsson	Húsvörður og baðvarsla	80%
4 Elín Guðrún Tómasdóttir	Stuðningsfulltrúi	80%
5 Eva Mezgale	Almennur starfsmaður	100%
6 Jóhanna S Vilhjálmsdóttir	Almennur starfsmaður og stuðningsfulltrúi	100%
7 Katrín Guðmundsdóttir	Matráður	100%
8 Kolbrún Sigurðardóttir	Ritari	100%
9 Sigríður K. Dagbjartsdóttir	Almennur starfsmaður	67%
10 Sigríður Kristjánsdóttir	Matráður	100%
11 Sólrun Jörgensdóttir	Baðvarsla	100%
12 Sunneva Hlín Skúladóttir	Almennur starfsmaður	67%
13 Þorleifur Baldvinsson	Stuðningsfulltrúi	72%

Skýjaborg

Kennarar:

Nafn:	Starf:	Starfshlufall:
Arndís Rós Egilsdóttir	Kennari	100 %
Bára Tómasdóttir	Deildarstjóri Dropans	100%
Berglind Bergsdóttir	Deildarstjóri Regnbogans 50%	100%
Magnea Sigríður Guttormsdóttir	Deildarstjóri Regnbogans 50%	100%
Ragna Kristmundsdóttir	kennari	100%

Leiðbeinendur:

Nafn:	Starf:	Starfshlufall:
Árdís Hauksdóttir	Leiðbeinandi	87,5 %
Berglind Sigurðardóttir	Leiðbeinandi	100%
Unnur Tedda Þorgrímsdóttir	Leiðbeinandi	100%

Lára Bööðvarsdóttir	Leiðbeinandi	80%
Guðrún Magnúsdóttir	Leiðbeinandi	75%

Aðrir starfsmenn:

Bjarni Guðjónsson	Húsvörður	20 %
Hannesína Ásdís Ásgeirsdóttir	Ræstitæknir	50%
Hjalta Sigríður Júlíusdóttir	Matráður	100%

2.2. Breytingar í starfsmannahaldi fyrir næsta skólaár

Í Heiðarskóla láta Íris Dröfn Kristjánsdóttir umsjónarkennari, Sigríður Dagbjartsdóttir almennur starfsmaður og Þorleifur Baldvinsson stuðningsfulltrúi af störfum. Berglind Bergsdóttir og Árdís Hauksdóttir færa sig á milli stofnana, koma báður úr leikskólanum í grunnskólann. Berglind verður umsjónarkennari 1. bekkjar og Árdís verður almennur starfsmaður. Arndís Halla Guðmundsdóttir þroskaþjálfari hefur verið ráðin til starfa og kemur til með að starfa í bæði leik- og grunnskólanum.

Í Skýjaborg láta af störfum Berglind Bergsdóttir og Árdís Hauksdóttir. Auglýst hefur verið eftir leikskólakennaramenntuðu fólki en ekki fengist fagmenntað fólk til starfa, verið er að gagna frá ráðningum leiðbeinenda.

Síðasta vetur voru starfandi þrír verkefnastjórar í eftirfarandi stöðum:

- Umhverfismennt 25% starfshlutfall á hvorri starfsstöð. Helena Bergström gegndi stöðunni í Heiðarskóla en Berglind Bergsdóttir gerði það í Skýjaborg.
- Skólaþróun 35% starfshlutfall í Heiðarskóla en 25% í Skýjaborg. Katrín Rós Sigvaldadóttir gegndi stöðunni í Heiðarskóla en Þórdís Þórisdóttir gerði það í Skýjaborg.
- Tækniþróun 40% starfshlutfall. Örn Arnarson gegndi stöðunni og sinnti báðum starfsstöðum.
-

Næsta vetur verður ein verkefnastjórastaða í stað þriggja. Hjálmur Dór Hjálmsson verður í 30% starfshlutfalli sem verkefnastjóri tækniþróunar og heldur utan um starfið í Heiðarskóla. Þórdís Þórisdóttir verður í 10% starfshlutfalli sem verkefnastjóri í Skýjaborg.

2.3. Stjórnun og verkaskipting

Jón R. Hilmarsson skólastjóri er þrjá daga í Heiðarskóla, mánudaga, miðvikudaga og fimmtudaga. Hann er tvo daga í Skýjaborg, þriðjudaga og föstudaga. Tveir sviðsstjórar eru í skólanum, hvor í sinni starfsstöð, Sigríður Lára Guðmundsdóttir í Heiðarskóla og Þórdís

Þórisdóttir í Skýjaborg. Stjórnendur hittast á vikulegum samráðsfundum. Verkaskipting stjórnenda í Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar:

Jón Hilmarsson, skólastjóri Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar

- Faglegur leiðtogi - stefnumótun - innra mat - nefndir/ráð - Þróunarmál
- Starfsmannamál - ráðningar - áminningar - lengri leyfi og veikindi
- Rekstur - fjármál - fjárhagsáætlunargerð - samningar
- Tengill skólans út á við - sveitarfélag - fræðslu og skólanefnd - SÍ - Skólastj.f. Vesturl.
- Upplýsingaflæði - vikuleg fréttabréf - greinar í blöð
- Annað, sjá starfslýsingu skólastjóra

Þórdís Þórisdóttir, sviðsstjóri Skýjaborgar

- Fagleg stjórnun Skýjaborgar - stefnumótun - skýrslugerð
- Starfsmannamál - móttaka starfsmanna - fundir - styttri veikindi - leyfi - forföll
- Daglegur rekstur - skipulag deilda - innkaup/þarfagreining
- Stjórnsýsla - dvalarsamningar - skóladagatal - undirb.f. Fræðslunefndarfundir
- Upplýsingaflæði - fréttabréf til foreldra - upplýsingar á heimasíðu
- Samskipti - húsvörður/iðnaðarmenn - stjórnsýsla - foreldrar/for.félag

Sigríður Lára Guðmundsdóttir, sviðsstjóri Heiðarskóla

- Fagleg mál - Uppbyggingarstefna - Samstarf leik- og grunnskóla - skólanámskrá/starfsáætlun
- Starfsmannamál - styttri veikindi - leyfi - forföll
- Daglegur rekstur - skipulag skóla - mentor - skóladagatal
- Tengill skólans út á við - skólabílstjórar
- Upplýsingaflæði - heimasíða - uppl. til nemenda/foreldra - starfsmanna
- Viðburðir - fullveldishátíð - árshátíð - þemadagar - o.fl.

Vikulegir samráðsfundir stjórnenda

- Farið yfir fagleg mál skólans - stefnu framfylgt - skipulagning
- Starfsmannamál
- Skýrslugerðir - Ársskýrsla - sjálfsmatsskýrsla - skólanámskrá - starfsáætlun

Verkefnastjórar, breytilegt milli ára:

- Skilgreind verkefni
- Samþætting við annað starf

- Samráð við stjórnendur

2.4. Starfslýsing verkefnastjóra skólaárið 2014-2015

Í vor var auglýst eftir einum verkefnastjóra í tækniþróun sem taka á til starfa næsta haust.

- Verkefnastjóri Tækniþróunar, 30% starf – Hjálmur Dór Hjálmsson
- Þórdís Þórisdóttir kemur til með að sinna tækniþróun í leikskólanum í samstarfi við Hjálm Dór.

Verkefnastjóri tækniþróunar/spjaldtölvunotkunar – 30% starfshlutfall

Starfslýsing:

- Heldur utan um tækniþróun/spjaldtölvunotkun leik- og grunnskólans, aðstoðar starfsmenn við að læra á tækið og veitir ráðgjöf og heldur námskeið varðandi notkun og möguleika í kennslu og samnýtingu við aðra tækni.
- Heldur utan um ípadteymi skólans, stýrir fundum með teyminu sem eru haldnir hálfsmánaðarlega. Hlutverk ípadteymis er m.a. að ræða spjaldtölvunotkun í skólanum, endurskoða stefnu skólans, möguleika í verkefnum, utanumhaldi, samstarf við aðra skóla og koma að heimasíðu spjaldtölvuverkefnisins.
- Endurskoðar og metur stefnu skólans í tækniþróun, markmið og leiðir tækniþróunar fyrir skólann í heild. Aðstoðar kennara við náms- og kennsluáætlunagerð, þ.e. það sem á við spjaldtölvunotkun.
- Samræmir tækniþróun á leik- og grunnskólastigi í samráði við sviðsstjóra leikskólans.
- Heldur utan um og skoðar möguleika á samstarfi við aðra leik- og grunnskóla á þessu sviði.
- Vinnur á báðum skólastigum, þarf að geta farið á milli skólasviða og er með fasta viðveru á hvorum stað.
- Heldur utan um kaup á forritum og öppum fyrir Ipadinn.
- Sér um upplýsingaflæði til starfsmanna um áhugaverð forrit/öpp og setur þau upp í Ipöðum starfsmanna.
- Kemur með tillögur að sí- og endurmenntun starfsmanna varðandi tækniþróun
- Kemur með tillögur að þróunarverkefnum tengdum tækniþróun og umsóknargerð í endurmenntunarsjóði fyrir þróunarverkefni í upplýsingatækni
- Vera í sambandi við aðra verkefnastjóra með samþættingu verkefna.
- Vera í samstarfi við aðra leik- og grunnskóla með upplýsingatækni verkefni
- Skilar af sér til skólastjóra munnlegri og skriflegri skýrslu með ofangreindum atriðum eigi síðar en 10. júní.

2.5. Skóladagatöl

2.5.1. Skóladagatal Skýjaborgar 2014-2015

Samband Íslenskra
veitarfélaga

Leikskóladagatal 2014 - 2015

Nafn leikskóla:

Skýjaborg

AGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 F	1 M	1 M	1 L	1 M	1 F	1 S	1 S	1 M	1 F	1 M	1 M
2 L	2 Þ	2 F	2 S	2 Þ	2 F	2 M	2 M	2 F	2 L	2 Þ	2 F
3 S	3 M	3 F	3 M	3 M	3 L	3 Þ	3 Þ	3 F	3 S	3 M	3 F
4 M	4 F	4 L	4 Þ	4 F	4 S	4 M	4 M	4 L	4 M	4 F	4 L
5 Þ	5 F	5 S	5 M	5 F	5 M	5 F	5 F	5 S	5 Þ	5 F	5 S
6 M	6 L	6 M	6 F	6 L	6 Þ	6 F	6 F	6 M	6 M	6 L	6 M
7 F	7 S	7 M	7 F	7 Þ	7 M	7 L	7 L	7 Þ	7 F	7 S	7 Þ
8 S	8 M	8 F	8 L	8 M	8 F	8 S	8 S	8 M	8 F	8 M	8 M
9 L	9 Þ	9 F	9 S	9 Þ	9 F	9 M	9 M	9 F	9 L	9 Þ	9 F
10 Þ	10 F	10 S	10 M	10 F	10 M	10 Þ	10 Þ	10 F	10 S	10 M	10 F
11 M	11 L	11 M	11 F	11 M	11 S	11 M	11 M	11 L	11 M	11 F	11 L
12 Þ	12 F	12 S	12 M	12 F	12 Þ	12 F	12 F	12 S	12 Þ	12 F	12 S
13 S	13 M	13 F	13 M	13 L	13 Þ	13 F	13 F	13 M	13 L	13 L	13 M
14 L	14 Þ	14 S	14 F	14 M	14 M	14 L	14 L	14 Þ	14 F	14 S	14 Þ
15 F	15 M	15 M	15 L	15 M	15 F	15 S	15 S	15 M	15 Þ	15 M	15 Þ
16 M	16 F	16 S	16 M	16 F	16 M	16 Þ	16 M	16 F	16 L	16 Þ	16 F
17 Þ	17 F	17 S	17 M	17 F	17 M	17 L	17 L	17 F	17 S	17 M	17 F
18 S	18 M	18 F	18 M	18 L	18 Þ	18 F	18 F	18 M	18 L	18 M	18 L
19 L	19 Þ	19 S	19 M	19 F	19 M	19 Þ	19 M	19 S	19 Þ	19 F	19 S
20 M	20 L	20 M	20 F	20 M	20 S	20 F	20 F	20 M	20 M	20 L	20 M
21 Þ	21 F	21 S	21 M	21 F	21 M	21 Þ	21 M	21 L	21 F	21 Þ	21 Þ
22 S	22 M	22 F	22 M	22 L	22 M	22 S	22 S	22 M	22 F	22 M	22 M
23 L	23 Þ	23 S	23 M	23 F	23 M	23 L	23 M	23 F	23 S	23 Þ	23 F
24 F	24 M	24 F	24 M	24 L	24 M	24 Þ	24 M	24 F	24 S	24 M	24 F
25 M	25 L	25 M	25 F	25 M	25 S	25 F	25 M	25 L	25 M	25 F	25 L
26 Þ	26 F	26 S	26 M	26 L	26 M	26 Þ	26 M	26 S	26 Þ	26 F	26 S
27 S	27 M	27 F	27 M	27 L	27 M	27 S	27 M	27 L	27 M	27 L	27 M
28 L	28 Þ	28 S	28 M	28 F	28 M	28 L	28 M	28 Þ	28 F	28 S	28 Þ
29 F	29 L	29 M	29 F	29 M	29 S	29 F	29 S	29 M	29 F	29 M	29 M
30 M	30 Þ	30 F	30 M	30 L	30 M	30 S	30 M	30 F	30 L	30 Þ	30 F
31 S	31 M	31 F	31 M	31 L	31 M	31 S	31 M	31 F	31 S	31 M	31 F

2.5.2. Skóladagatal Heiðarskóla 2013-2014

AGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ
1 F	1 S	1 Þ	1 F	1 S	1 M	1 L	1 L	1 Þ	1 F	1 S
2 F	2 M	2 F	2 L	2 M	2 F	2 S	2 S	2 M	2 F	2 M
3 L	3 Þ	3 F	3 S	3 Þ	3 M	3 M	3 M	3 F	3 L	3 Þ
4 S	4 M	4 F	4 M	4 M	4 L	4 Þ	4 Þ	4 F	4 S	4 M
5 M	5 F	5 L	5 Þ	5 F	5 S	5 M	5 M	5 L	5 M	5 F
6 Þ	6 S	6 M	6 F	6 L	6 M	6 F	6 F	6 S	6 Þ	6 F
7 L	7 M	7 F	7 S	7 M	7 L	7 M	7 M	7 F	7 M	7 L
8 F	8 S	8 M	8 F	8 M	8 L	8 L	8 L	8 Þ	8 F	8 S
9 S	9 M	9 F	9 M	9 L	9 M	9 S	9 S	9 M	9 F	9 M
10 L	10 Þ	10 F	10 M	10 S	10 M	10 M	10 M	10 F	10 L	10 Þ
11 S	11 M	11 F	11 M	11 M	11 L	11 M	11 M	11 F	11 S	11 M
12 M	12 Þ	12 S	12 M	12 F	12 M	12 M	12 M	12 L	12 M	12 F
13 Þ	13 F	13 S	13 M	13 M	13 L	13 M	13 M	13 F	13 L	13 M
14 L	14 M	14 F	14 M	14 L	14 M	14 F	14 F	14 M	14 M	14 L
15 F	15 S	15 M	15 F	15 S	15 M	15 L	15 L	15 Þ	15 F	15 S
16 M	16 F	16 L	16 M	16 F	16 M	16 S	16 S	16 M	16 F	16 M
17 Þ	17 S	17 M	17 F	17 M	17 L	17 M	17 M	17 F	17 L	17 Þ
18 S	18 M	18 F	18 M	18 M	18 L	18 Þ	18 Þ	18 F	18 S	18 M
19 L	19 Þ	19 S	19 M	19 F	19 M	19 M	19 M	19 L	19 M	19 F
20 F	20 L	20 M	20 F	20 M	20 S	20 F	20 F	20 S	20 Þ	20 F
21 M	21 Þ	21 S	21 M	21 L	21 M	21 F	21 F	21 M	21 M	21 L
22 F	22 M	22 F	22 M	22 S	22 M	22 L	22 L	22 Þ	22 F	22 S
23 S	23 M	23 S	23 M	23 F	23 M	23 S	23 S	23 M	23 F	23 M
24 L	24 Þ	24 S	24 M	24 L	24 M	24 M	24 M	24 F	24 M	24 Þ
25 S	25 M	25 F	25 M	25 M	25 L	25 F	25 M	25 Þ	25 F	25 M
26 M	26 F	26 S	26 M	26 F	26 M	26 S	26 M	26 L	26 M	26 F
27 Þ	27 S	27 M	27 F	27 M	27 L	27 M	27 M	27 F	27 L	27 Þ
28 L	28 M	28 F	28 M	28 S	28 M	28 F	28 F	28 M	28 M	28 L
29 F	29 Þ	29 S	29 M	29 F	29 M	29 S	29 L	29 Þ	29 F	29 S
30 M	30 L	30 M	30 F	30 M	30 S	30 F	30 S	30 M	30 F	30 M
31 L	31 M	31 F	31 M	31 L	31 M	31 S	31 M	31 F	31 S	31 M

2.6. Upplýsingaflæði

Upplýsingum frá skólanum er komið á framfæri með ýmsum hætti, m.a. með:

- Skólabréfi sem skólastjóri sendir á alla hagsmunaðila skólans, þ.e. starfsmenn, foreldra, nemendur, skóla- og fræðslunefnd og starfsmenn stjórnsýsluhússins, í upphafi hverrar viku. Bréfið, sem er tölvupóstur, inniheldur upplýsingar um starf skólans þá vikuna og einnig er hægt að sjá hvað er framundan.
- Upplýsingum á heimasíðu skólans, en hún er notuð til að koma á framfæri ýmsum fréttum og tilkynningum auk þess sem hún hefur að geyma allar útgefnar skýrslur skólans, skóladagatöl, hagnýtar upplýsingar og fjölbreytt og lifandi myndasafn úr starfi skólans.
- Frétta- og dreifibréfum frá sviðsstjórum leik- og grunnskólans, deildastjórum leikskólans og ritara skólans. Þessir aðilar senda út frétta- og/eða dreifibréf á mentor og í tölvupósti þegar það á við um ýmsa viðburði í skólastarfinu.
- Facebook síður bæði í leikskólanum og grunnskólanum sem aðgengilegar eru foreldrum.

2.7. Skýrslur frá skólabókasöfnum skólaárið 2013-2014

Tillögur að breytingum

Samfella sé varðandi opnunartíma. Þegar safnið er opið ætti bókasafnskennarinn að geta sinnt þeim sem koma inn og vantar bækur en það ætti líka að vera hægt að skipuleggja samstarf við aðra kennara á opnunartíma.

- Á opnunartíma ætti einnig að vera hægt að sinna verkefnum sem til falla á bókasafninu:
 - Panta efni og áhöld, t.d. bókaplast
 - Panta bækur og rit
 - Skrá bækur og rit
 - Plasta bækur og jafnvel tímarit, gera klár til útláns
 - Gera við skemmdar bækur
 - Raða bókum og ritum í hillur, bæði það sem hefur verið lánað út og það sem nemendur hafa ýtt til og fært
 - Setja upp bókasýningar t.d. í sambandi við þemu
 - Hafa samvinnu við umsjónarkennara varðandi það að rukka eftir bókum í útláni

Ath. það hefur ekki unnist tími í vetur til þess að sinna öllum þessum störfum. T.d. hefur ekki verið gert við skemmdar bækur. Enda hefur bókasafnið aðeins verið opið 2 ¼ tíma á viku ef frá eru taldir hópatímar.

- Það er verra að hafa safnið opið á meðan á bókasafnskennslu stendur.

Tillaga að opnunartíma bókasafnsins 2014 – 2015*					
	MÁNUDAGUR	ÞRIÐJUDAGUR	MIÐVIKUDAGUR	FIMMTUDAGUR	FÖSTUDAGUR
08.30 - 08.40	Morgunmatur	Morgunmatur	Morgunmatur	Morgunmatur	Morgunmatur
08.40 - 09.20	OPIÐ	OPIÐ	OPIÐ	OPIÐ	OPIÐ
09.20 - 10.00					
10.00 - 10.20	Frímínútur	Frímínútur	Frímínútur	Frímínútur	Frímínútur
10.20 - 11.00					
11.00 - 11.30					
12.00 - 12.20	Bókasafn	Bókasafn	Bókasafn	Bókasafn	Bókasafn
12.20 - 13.00	OPIÐ	OPIÐ	OPIÐ	OPIÐ	OPIÐ
13.00 - 13.40					
13.40 - 13.50	Frímínútur	Frímínútur	Frímínútur	Frímínútur	Frímínútur
13.50 - 14.30					

*Mikilvægt að það sé samfella í opnunartíma bókasafnsins. Það þarf helst að vera opið á sama tíma alla daga, a.m.k. 2-3 kennslustundir. Síðan má bæta bókasafnsfræðslutímum við en þá er betra að bókasafnið sé ekki opið (sbr. aðrar stofur og námsgreinar).

Það má hvetja kennara sérstaklega til þess að nýta bókasafnið meira og senda nemendur þangað á opnunartíma til þess að ná í bækur o.fl. Bókasafnskennari getur hjálpað kennurum og nemendum í samþættri verkefnavinnu.

Bókasafnskennari getur líka hjálpað til varðandi yndislestur, lestarátök, frætt nemendur um notkun heimilda og heimildaleit.

2.8 Skýjaborg

Bókasafn leikskólans hefur verið endurnýjað töluvert undanfarin skólaár. Á síðasta skólaári voru keyptar inn margar nýjar bækur sem tengjast breyttum áherslum í sambandi við byrjendalæsi / leikskólalæsi, tákni með tali og endurnýjun bókakosts fyrir yngri deild sem var mjög úr sér genginn. Þá var farið í það verkefni að gera við og plasta bækur til að verja þær. Einnig var bókasafnið á Akranesi meira notað í vetur til að fá lánaðar bækur sem tengdust þemaverkefnum sem unnið var að. Fjarlægð frá bókasafni hamlar því þó að vissu leyti að markvisst sé hægt að nýta það.

2.9.1 Aðstaða og bókakostur

Bókasafn leikskólans er á mörgum stöðum í leikskólanum. Stærstur hluti safnsins er nú inni á eldri deild leikskólans og lítill hluti inni á yngri deildinni. Fagbækur er síðan að finna á kaffistofu starfsmanna og í undirbúningsherbergi. Aðgengi barnanna sjálfra að bókum er lítið og valdar bækur settar fram til að börnin geti sjálf valið sér til lestrar. Bókakostur er ekki

skráður né flokkaður. Bókakosturinn er ágætur og hefur verið lögð áhersla á að kaupa nýjar bækur eftir því sem þær eru gefnar út sem og að kaupa fræðibækur og fagbækur.

Leikskólinn hefur fengið bækur að láni úr bókasafni grunnskólans.

2.9.2 Tillögur að breytingum

- Finna þarf bókasafninu stað þar sem hægt er að hafa allar bækur saman. Þannig fæst betri yfirsýn yfir bókakostinn.
- Útbúa flokkunarkerfi fyrir bókasafnið og merkja bækurnar.
- Auka aðgengi barna að bókasafni og kenna þeim góða umgengni við bækur.
- Auka samstarf skólanna með bókakost og innkaup bóka.

3. Áherslur vetrarins 2013-2014

3.1. Mentor

Mentor er vefkerfi, sem Heiðarskóli nýtir, sem gerir foreldrum/forráðamönnum kleift að nálgast upplýsingar frá grunnskóla barna sinna. Þessar upplýsingar eru skráðar í upplýsingakerfi sem er notað í flestum grunnskólum landsins.

Í vetur settu kennarar inn náms- og kennsluáætlanir fyrir hverja námsgrein í mentor. Það gefur nemendum og foreldrum tækifæri á því að skoða þau námsgögn sem eru notuð, hvaða kennsluaðferðir á að nota, hvaða markmið aðalnámskrár liggja til grundvallar og hvernig námsmat er útfært.

Nemendur og foreldrar tóku þátt í frammistöðumati í og fyrir foreldraviðtöl í janúar á þessu ári. Matið gefur aukna möguleika á samstarfi nemenda, foreldra og skóla við markmiðasetningu og mat á stöðu og líðan nemenda. Matið fer fram á svæði nemenda á mentor.is. í foreldraviðtali ræddu síðan þessir aðilar um matið og nemandinn setti sér þrjú markmið fyrir vorið.

Helstu verkefni í mentor:

- Upplýsingar um nemendur og aðstandendur þeirra
- Stundatöflur
- Náms- og kennsluáætlanir, framvinda áætlana út frá kennara og nemanda
- Verkefnaöppur, próf og niðurstöður námsmats
- Frammistöðumat
- Dagbókarfærslur

Í vetur voru upplýsingar um leikskólabörn færð inn í Mentor kerfið og til stendur að skoða möguleikana á að nýta það betur fyrir leikskólann.

3.1.1. Tillögur að breytingum

Næsta vetur verður mentor notaður enn frekar. Settar verða inn í náms- og kennsluáætlanir og skólamarkmið sem eru áherslur skólans þvert á námsgreinar, t.d. í námstækni, íþa og umhverfismennt. Náms- og kennsluáætlanir verða einnig metnar út frá hverjum og einum nemenda, þ.e. náði hann viðkomandi markmiðum eða ekki og þá af hverju ekki, einnig út frá kennaranum og námsgreininni. Í tengslum við áframhaldandi skólanámskrárvinnu út frá nýrri aðalnámsskrá þá verður námsmat og lykilhæfnipættirnir unnir inn í mentor.

1. Skýrslur verkefnastjóra

Skýrslur verkefnastjóranna þriggja sem voru starfandi síðasta vetur, þ.e. í umhverfismennt, skólaþróun og tækniþróun eru í sjálfstæðum skýrslum, sýnilegum á heimasíðu skólans.

3.2. Sjálfsmat – Gæðagreinar / Barnið í brennidepli

Samkvæmt 35. og 36. grein grunnskólalaga frá 2008 og 17. og 18. grein leikskólalaga ber öllum skólum að framkvæma kerfisbundið sjálfsmat. Tilgangur þess er að kanna hvort markmiðum skólans hefur verið náð, greina sterka og veika þætti í skólastarfinu og skapa þannig grunn að umbótum. Margir ólíkir þættir hafa áhrif á skólastarf og skólar verða að koma til móts við ólíkar þarfir. Sjálfsmatið verður stöðugt að vera í gangi og er langtímamiðað. Með því fer fram víðtæk gagnasöfnun um skólastarfið. Sjálfsmat skóla er því leið til þess að miðla þekkingu á skólastarfi og er liður í þróun og vexti hvers skóla. Sjálfsmat, umbætur og mat á þeim eru því lykill að því að gera góðan skóla betri.

Leik- og grunnskólinn nota sama sjálfsmatskerfið, þ.e. Gæðagreini (grunnskóli) og Barnið í brennidepli (leikskóli) sem er skoskt að upplagi. Skýjaborg hefur notað kerfið í nokkur ár en sjálfsmat hafði ekki verið framkvæmt áður í Heiðarskóla fram að þessu.

3.2.1. Sjálfsmatsáætlun Heiðarskóla

	2012-2013	2013-2014	2014-2015
	Skólapúlsinn	Skólapúlsinn	Skólapúlsinn
Haustönn	Ggr.1.1, 1.2, 2.1, 2.2, 3.1, 4.1, 4.2	6.1, 6.2, 6.3	8.1, 8.2, 8.3, 8.4
Vorönn	5.1, 5.2, 5.3, 5.4, 5.5, 5.6, 5.7, 5.8, 5.9	7.1, 7.2, 7.3,	9.1, 9.2, 9.3, 9.4

3.2.2. Aðferðir og framkvæmd matsins í Heiðarskóla

Sjálfsmatskerfið „Gæðagreinar 2“ er heildstætt gæðamatskerfi fyrir skóla. Skólaárið 2013-2014 voru gæðagreinar 6.1, 6.2, 6.3, 7.1, 7.2, og 7.3 lagðir fyrir og metnir. Þeir gæðagreinar skoða endurskoðun skólastefnu og þróunarvinnu, þátttöku í stefnumótun og áætlanagerð, þróunaráætlanir, mönnun, ráðningar og stöðugleiki, nýting mannafla og teymisvinna og starfsþróun og starfsmat/starfsmannaviðtöl. Metnir voru gæðagreinar 6.1 – 6.3 í lok haustannar og gæðagreinar 7.1 – 7.3 voru metnir á starfsdögum í lok vorannar ásamt heildarskimun.

3.2.3. Þróunar- og umbótaáætlun Heiðarskóla 2013-2014

Hvað þarf að gera?	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?
Klára námskrárvinnu.	Starfsfólk	Vor 2014	Vinnu, tíma og skipulag	Gæðagreinar skólanámskrár.

Úrbætur á vinnuskilyrðum almennra starfsmanna	Stjórnendur og öryggisfulltrúi	Sumar 2014	Fjármagn og samráð	Mat starfsmanna
Einstaklingsnámskrár	Umsjónarkennari og sérkennari	1.okt 2014	Samstarf – fundi	Fullbúnar einstaklingsnámskrár
Tryggja þarf aðgengi stoðþjónustu, þá helst talmeinafræðing	Stjórnendur	Haut 2014		Ráðning talmeinafræðing
Nemendasamtöl reglulega yfir veturinn um metnað fyrir námi og aukna ábyrgð	Umsjónarkennari	Vor 2014	Skipulag og tíma. Markmiðasetning, jafningjamat, sjálfsmat ofl.	Uppgjör og endurskoðun markmiða.
Koma á formlegu samstarfi við nærsamfélagið	Stjórnendur, kennarar, verkefnastjórar	Vor 2014	Samráð, tíma og skipulag	Kaflí í skólanámskrá
Auka samstarf við aðra skóla og félagasamtök	Stjórnendur, verkefnastjórar	Stöðug vinna	Samráð, tíma og skipulag	Mat á skólanámskrá
Marka stefnu með framhaldsskólaáfang	Starfsfólk	Vor 2014	Vinnu í skólanámskrá	Mat á skólanámskrá
Undirbúa starfs kynningar 10. bekkjar betur	Náms og starfsráðgjafi	Vorið 2014	Tíma og skipulag	Mat nemenda og námsráðgjafa á starfsnáminu
Auka ábyrgð og metnað nemenda	Umsjónarkennarar	Vor 2014	Nemenda-samtal með kennara	Aukinn metnaður og árangur hjá nemendum
Annar stjórnandanna þarf að vera til taks á meðan kennsla fer fram.	Stjórnendur	Í stunda-töflugerð	Skipulag	Mat starfsmanna
Meta þörf á námsveri	Stjórnendur	Vor 2014	Vinnu og tíma	
Koma á námsmatsfundum meðal kennara.	Stjórnendur, verkefnastjóri skólaþróunar	Vor 2014	Skipulag, tíma	Skóla-námskrárvinna

Koma á fundum um nemendur	Stjórnendur, kennarar, verkefnastjórar og allir starfsmenn þegar við á.	Vor 2014	Skipulag, fundartíma	Allir meðvitaðri um nemendur sína
Vinna með gildin okkar og gera þau sýnileg.	Allt starfsfólk	September 2013 og þar eftir. Þemadagar.	Fundur með öllu starfsfólki leik- og grunnskóla, sameiginleg vinna allra starfsmanna og nemenda.	Mat starfsmanna
Endurgjöf til kennara á starfið	Stjórnendur, utanaðkomandi aðstoð.	Vor 2014	Skipulag og tíma	Ánægja starfsfólks
Samræma skólareglur	Allir starfsmenn	Haut 2014	Tíma og vinnu	Minni árekstar – mat starfsmanna
Jólagjafir starfsmanna	Stjórnendur og sveitastjóri	1 janúar 2014	Velvilja og þrautseigju	Ánægja starfsfólks
Móta stefnu nýbúafræðslu og tvítyngd börn	Stjórnendur og sérkennari	Vor 2014	Skipulag, tíma og vinnu	Skólanámskrá
Móta jafnréttisstefnu og hvernig er unnið með hana.	Allt starfsfólk	Vor 2014	Tíma og skipulag	Skólanámskrá
Auglýsa betur viðburði skólans út á við í samfélaginu.	Stjórnendur og ritari	Vor 2014	Skipulag	Fleiri mæta á viðburði skólans.

3.2.4. Meginniðurstöður úr starfsmannaviðtölum – Heiðarskóli

Hvað er mikilvægt (-ast) í skólastarfinu:

Áhugi fyrir því að kenna, faglega. Vinna með almennt virðingarleysi. Að nemendum líði vel. Að koma betur til móts við nemendur með sérþarfir og fjölbreytt áhugasvið. Vera með handavinnusýningu. Auka vægi list- og verkgreina. Lestur. Byrjendalæsi hentar ekki öllum. Efla grunnþætti eins og lestur og stærðfræði. Hagsmunir og aðbúnaður nemenda. Liðan nemenda. Vera vel skipulagður og hafa áhuga á starfinu. Velliðan og hvatning til frekara náms. Skerpa á á aga í frímínútum. Vinna með framsögn og tjáningu. Samskipti og umhyggja. Lítið samfélag, styrkja einstaklinginn. Meira uppbrot í kennslu, fleiri þemavikur /-daga.

Hvað er gott í starfinu / starfsandinn:

Starfsandinn yfirleitt góður. Innleiðing iPad gengur vel. Liður vel í starfi og starfsandinn góður. Samskipti góð. Gleði tengd stórum viðburðum. Samskipti góð.

Hvað má bæta í starfinu:

Starfsfólk vantar að vera samheldnara og einnig vantar eftirfylgni í ýmis mál. Útskýra betur mál / verkefni fyrir nýjum starfsmönnum. Hafa fleiri stigsfundi. Stundum slúður á meðal starfsfólks. Vantar námskeið í íslensku fyrir starfsmenn af erlendum uppruna. Vantar stunum leiðbeiningar fyrir stuðningsfulltrúa. Stólar í unglingadeild og tölvustofunni. Vinnuaðstæður í eldhúsi ekki góðar hvað varðar loftræstingu, einnig vantar annan ofn. Vont að hafa opna hurð í eldhúsinu. Vantar að halda betur utan um sérkennslugögn. Vantar meiri faglega skólaumræðu. Agaleysi í unglingadeild. Fólk mikið að flýta sér. Unglingar láta allt flakka. Hafa áætlun fyrir endurmenntun. Huga betur að uppbrotum, hvaða dagar er nýttir í slíkt – dreifa betur. Vantar kennsluráðgjafa. Vantar stundum í gæslu úti. Dreifa álagi á umsjónarkennarann yfir veturinn. Bil á milli almennra starfsmanna og kennara. Hitta aðra kennara sem eru að vinna með byrjendalæsi. Mikið álag á almenna vegna forfalla sem eru ekki leyst. Stundum ekki unnið úr málum sem koma upp. Bæta upplýsingaflæði til almennra starfsmanna. Mentor illa nýttur. Stundum nöldur meðal starfsmanna. Drasl á kennarastofunni. Hugsa þemadaga betur, hlutverk hvers og eins.

Hvert á að stefna á næsta ári í skólastarfinu:

Heilsueflandi skóli. iPad. Styrkja ípad innleiðinguna. Heilsueflandi skóli. Skoða möguleika á því að byggja gróðurhús. Teymiskennsla. Huga vel að 1. Bekkingum. Vinna með virðingarleysi / afskiptaleysi í unglingadeild. Auka metnað í unglingadeildinni. Koma öllum á tærnar. Styrkja ípad verkefni. Teymisvinna og skipulag. Skoða og vinna betur með gildin. Taka á umgegni og framkomu. Vera öruggari með ípadinn. Gera minna í einu og gera betur. iPad. Bæta aga. Hver er sérstaða skólans? Bæta agamál nemenda, læra að bera ábyrgð. Reyklaus vinnustaður.

3.3. Sjálfsmat Skýjaborgar

Matsáætlun leikskólans tengist markmiðum og mælikvörðum sem settir eru fram í skólastefnu Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar og skólanámskrá leikskólans.

Á hverju ári

- Unnið er út frá matsaðferðinni Barnið í brennidepli. Skólaárið 2013-2014 var lögð áhersla á að meta:
 - Námsumhverfi leikskólans 6.1, 6.2,
 - Námskrá 1.1, 1.2.
- Kynningarfundir fyrir foreldra að hausti.
- Foreldraviðtöl tvisvar yfir skólaárið – helstu niðurstöður teknar saman.
- Starfsmannasamtöl / starfsmannakannanir – helstu niðurstöður teknar saman.

- Starfsáætlun.
- Símenntunaráætlun starfsmanna.
- Gátlisti Grænfánaverkefnisins.
- Mat barna á skólastarfinu.

Annað hvert ár

- Starfsmannakönnun – Fræðslu- og skólanefnd.
- Viðhorfskönnun meðal foreldra – Fræðslu- og skólanefnd.
- Umsókn um Grænfána.

Í ár voru lagðar fyrir starfsfólk kannanir er varða námsumhverfi leikskólans. Á starfsdegi í vor var farið yfir þætti sem tengjast námskrá. Fræðslu- og skólanefnd lagði fyrir viðhorfakönnun til foreldra og starfsmanna á skólaárinu.

Á skólaárinu var lögð fyrir könnun meðal elstu barna leikskólans um líðan í skólastarfinu.

Sótt var um Grænfána fyrir þetta skólaár og framfarir metnar á starfsdegi í vor.

Foreldraviðtöl voru í október og mars. Í foreldraviðtölum er upplýsingum um þroska og framfarir barnanna komið til foreldra.

Starfsmannasamtöl voru í mars og apríl.

Sálfræðingur og iðjuþjálfari aðstoðuðu við að meta þörf fyrir sérkennslu í leikskólanum og lögðu skimunar- og/eða greiningarpróf fyrir börn skv. beiðni frá foreldrum eða leikskóla.

Hjúkrunarfræðingur koma og framkvæmdi 4 ½ árs skoðun í leikskólanum í samráði við foreldra.

Nánari upplýsingar um sjálfsmat og niðurstöður er að finna í sjálfsmatsskýrslu skólans.

3.3.1 Þróunar- og umbótaáætlun Skýjaborgar 2014-2015

Mikil almenn ánægja er með leikskólastarfið og fáar athugasemdir borist er varða starfið. Mikilvægt er að halda áfram því góða starfi sem unnið er.

Athugasemdir sem komu fram við gerð sjálfsmatsins lúta flestar að aðbúnaði í leikskólanum. Það vantar að bæta starfsmannaaðstöðu og búnað inni á deildum. Gerð verður úttekt á því hvað helst þarf að bæta og komið til sveitarstjórnar við gerð fjárhagsáætlunar.

Leikskólinn fékk síðastliðið skólaár ípad fyrir alla starfsmenn og einnig ípada til að nota inni á deildum. Mikilvægt er að starfsfólk nái góðum tökum á að nota ípad í vinnu með börnunum og að haldið verði vel utan um það verkefni. Skoða þarf vel hvaða öpp henta best og að starfsmenn verði færir í að nota þau. Einnig vinna ípadar ekki vel með tölvum sem til eru og þarf að skoða endurnýjun tölvubúnaðar með það í huga. Hluti af stöðugildi verkefnastjóra

tækniþróunar verður sett á starfsmann leikskólans til að halda betur utan um verkefnið í leikskólanum.

Ákveðið var að prufa að setja upp Facebook síðu fyrir hvora deild til að miðla upplýsingum um skólastarfið til foreldra. Verið er að setja upp nýja heimasíðu fyrir leikskólann.

Á næsta skólaári verður unnið áfram með Byrjendalæsi / leikskólalæsi og könnunaraðferðina í skipulögðu starfi. Leikskólinn ætlar að taka þátt í samstarfi nokkurra leikskóla sem kalla sig Birtuskólar, en þar koma saman skólar sem hafa jóga og umhverfismennt að leiðarljósi í starfi sínu. Leikskólinn verður einnig þátttakandi í Nordplus verkefni ásamt leikskólum í Eistlandi, Lettlandi, Litháen og Noregi. Verkefnið ber vinnuheitið „Winnie the Pooh and the hundred acre wood“ og miðar að því að skólarnir þrói og miðli hugmyndum og aðferðum í útinámi og útileik barna.

Í vetur verður farið í að skoða verkefnið Heilsueflandi leikskóli, en leikskólinn stefnir að því að verða þátttakandi í verkefninu og vinna að heilsuefningu í öllu starfi.

3.3.2. Meginniðurstöður úr starfsmannaviðtölum – Skýjaborg

Hvað er mikilvægt (-ast) í skólastarfinu:

Gleði barna og gott flæði í starfinu. Hafa hreinlegra í skólanum. Flott vinna fer fram í skólanum. Hlýtt viðmót. Barnið í fyrirrúmi. Val um útiveru. Að öllum líði vel. Börn og starfsfólk ánægt. Virðing og kurteisi. Gleði og ánægja. Umhverfismennt. Frjáls leikur. Hlýja, hugsa vel um börnin. Glöð og hamingjusöm börn. Frjáls leikur. Gott starf. Meiri agi.

Hvað er gott í starfinu / starfsandinn:

Yfirleitt góður starfsandinn. Dæmigerður kvennastaður. Starfsandinn finnr. Starfsandinn upp og niður, dagamunur.

Hvað má bæta í starfinu:

Móral meðal starfsmanna. Skipulag, vinnulag og tímasetningar í eldhúsi. Auka umburðarlyndi, hætta að kvarta yfir smáatriðum. Upplýsingaflæði á milli deilda. Meira uppbrot í starfinu. Vantar deildarfundi til að fara yfir stöðu einstakra barna. Vantar stundum innanhúss upplýsingar.

Hvert á að stefna á næsta ári í skólastarfinu:

Umhverfismennt og heilsuskóli. Halda áfram á sömu braut. Bæta starfsandann og samskiptin. Halda áfram góðu starfi og bæta við sig þekkingu.

3.4. Samstarf leik- og grunnskóla

Helstu verkefni:

- Tveir skipulags- og undirbúningsfundir kennara frá báðum sviðum og sviðsstjóra á skólaárinu.
- Grunnskólakennarar heimsóttu leikskólabörnin einu sinni á haustönn áður en skólasamstarfið hófst. Markmiðið að börnin kynnist kennurunum.
- Fullveldishátíð; börn í 1. - 3. bekk og elsti árgangur leikskólans með sameiginlegt atriði.
- Heiðarsóley; umhverfisblað Heiðarskóla, fréttir og greinar frá Skýjaborg.
- Umhverfisfundur: Sameiginlegur umhverfisfundur umhverfisnefnda Skýjaborgar og Heiðarskóla á vorönn. Grunnskólabörn tóku viðtal við leikskólabörn um umhverfismennt. Viðtalið birtist í Heiðarsóley.
- Dagur íslenskrar tungu; nemendur í 3. bekk fóru í heimsókn í Skýjaborg og lásu fyrir leikskólabörn. Leikskólabörn sungu fyrir 3. bekkinn.
- Stóra upplestrarkeppnin; nemendur í 7. bekk æfðu vandaðan upplestur og lásu fyrir leikskólabörn í febrúar. Upplesturinn fór fram á bókasafni Heiðarskóla.
- Vorskóladagar; elsti árgangur Skýjaborgar kom þrjá daga í skólann með skólabílunum og tók þátt í skólastarfinu.
- Tvær vettvangsferðir. Á haustönn var farið í fjöruferð í Súlunes og á vorönn var farið í Borgarnes á Bjössaróló og út að borða á Landnámssetrinu.
- Nemendur í 1. bekk heimsóttu vini sína í leikskólanum og tóku þátt í leikskólastarfinu einu sinni á haustönn og einu sinni á vorönn.
- Leikskólabörn komu 14 sinnum í skólasamstarfstundir í Heiðarskóla. Samstarfið fór fram á miðvikudögum. Skólasamstarfsstundir voru 7 á hvorri önn. Börnin höfðu fastan tíma í töflu grunnskólakennara í íþróttum, samstarfstíma með 1. bekk og tónmenntakennara og umsjónarkennara á haustönn og útinámskennara og umsjónarkennara á vorönn. Að auki fengu börnin fastan tíma á bókasafni. Samtals þrír tímar í töflu ásamt frímínútum. Börnin fóru ýmist í sund eða íþróttasal í íþróttatímum. Samstarfstíminn með 1. bekk var að hluta nýttur til að undirbúa atriði fyrir Fullveldishátíð Heiðarskóla á haustönn. Á vorönn var þessi sameiginlegi tími nýttur í frjálsan leik og útinám. Einu sinni var boðið upp á heimilisfræði og upplýsinga og tæknimennt. Í síðustu þrjú skiptin á vorönn dvöldu börnin lengur í Heiðarskóla og borðuðu hádegisverð.
- Sviðsstjórar, deildarstjórar / hópstjórar elstu deildar, íþróttakennari, myndmenntakennari og umsjónakennari 1. bekkjar tóku þátt í samstarfinu. (Magga Sigga, Berglind, Þórdís, Sigríður Björk, Alexandra, Helena, Sigga Lára og Helga).
- Mat á samstarfinu: Ekki var unnt að halda sameiginlegan lokafund á vordögum og fara yfir vetrarstarfið. Það þarf að gerast haustið 2014.

3.5. Sí- og endurmenntun

Markmið er að allir starfsmenn skólans sækji símenntun samhliða starfi til hagsbóta fyrir skólastarfið. Símenntun starfsmanna er ein af forsendum framfara, þess vegna þurfa allir að taka þátt í símenntun sem miðar að því að bæta árangur skólastarfsins. Leitast er eftir því að skilgreindar þarfir skólans og sérstakar óskir starfsmanna um endurmenntun fari saman.

Kennarar í fullu starfi í Heiðarskóla eiga að sækja sér endurmenntun sem hér segir;

- Kennari yngri en 30 ára: 150 tímar utan starfstíma / 113 tímar innan starfstíma skóla
- Kennari 30 til 38 ára: 126 tímar utan starfstíma / 95 tímar innan starfstíma skóla
- Kennari 38 ára og eldri: 102 tímar utan starfstíma / 77 tímar innan starfstíma skóla

Leikskólakennarar taka þátt sí- og endurmenntun út frá þróunaráætlun leikskólans sem er endurmetin fyrir hvert skólaár. Verkefnið „fræðslustjóri að láni“ kemur að einhverju leyti með að halda utan um endurmenntun almennra starfsmanna en stundum rennur þetta saman.

Markmið:

- Að skólinn hafi á að skipa hæfu og vel menntuðu starfsfólki sem er tilbúið að sækja sér aukna þekkingu og sýni það í verki.

Leiðir:

- Árlega er endurmenntunaráherslum skólans skipað í forgangsörð, í samráði við starfsmenn.
- Boðið er upp á námskeið og fræðslufundi.
- Ætlast er til að starfsmenn sem sækja endurmenntun á vegum skólans miðli fróðleikum til skólasamfélagsins og skapi þannig skilyrði til að festa jákvæðar breytingar í sessi.

3.5.1. Sí- og endurmenntun 2013-2014

Eftirfarandi sí- og endurmenntun átti sér stað í leik- og grunnskólanum í vetur:

- 14. ágúst sóttu kennarar Leik- og grunnskólans ráðstefnu í Norðlingaskóla „Ertu tilbúin fyrir tæknina“
- Á starfsdögum í ágúst var boðið upp á Numicon námskeið fyrir leik- og grunnskólann, „Er gaman í vinnunni?“ erindi hjá Ingrid Khulman og óvissuferð um Hvalfjörð sem var bland af fræðslu og skemmtun.
- Í ágúst og á starfsdögunum sóttu kennarar ýmis námskeið, m.a. í byrjendalæsi I og II, stjórnun skólakórs, uppbyggingarstefnu og matreiðslu.
- sept. – Annan hvern þriðjudag í Heiðarskóla en skilgreindur tími fyrir endurmenntun. Á þessum dögum er fengin inn fræðslu, rætt um fagleg mál og þróunarverkefni m.a. Ipad innleiðingu.

- sept. sótti Jón og Katrín Rós málþingið „Skóli á nýrri öld“ í KHÍ. Þingið var til heiðurs Gerði G. Óskarsdóttur fyrrverandi fræðslustjóra Reykjavíkur og verkefnum hennar.
- 19. sept. sóttu Sigga Lára og Katrín Rós mentornámskeið til Reykjavíku. Heiðarskóli er að nota mentor töluvert mikið og sú vinna kemur til með að aukast með innleiðingu nýs námsmats grunnskóla.
- 27. sep - Röskun á einhverfurófi I, grunnnámskeið. Haldið í Gerðubergi 27. sept. Sigga Vill og Björk sóttu námskeiðið.
- 30. sept var fyrsti sameiginlegi starfsmannafundur leik- og grunnskólans í áframhaldandi skólanámskrárgerð. Á þessum fundi var rætt um og skilgreind hugtök sem við höfum valið sem gildin í starfi skólans: Virðing, vellíðan, samvinna og metnaður. Nemendur leik- og grunnskólans koma líka til með að vinna með hugtökin áður en þau verða afgreidd og samþykkt í skólanámskrána.
- okt. - Hafþór Guðjónsson sérfræðingur í starfendarannsóknum kynnti aðferðafræðina
- okt. – Starfsdagur kennara í Heiðarskóla vegna Haustþings kennara á Vesturlandi. Auk þess var fengin kynning á verkefninu „Heilsueflandi skóli“ frá Lýðheilsustöð.
- okt. – Hálfur starfsdagur var í leikskólanum sem annars vegar var notaður til undirbúnings fyrir foreldraviðtöl og hins vegar var fengin fræðsla á útileikjum sem Hildur Karen frá Akranesi sá um. Almennir starfsmenn úr Heiðarskóla tóku þátt í námskeiðinu með leikskólastarfsmönnum.
- 11. - 18. okt. - Netnámskeið - Röskun á einhverfurófi IIB – grunnskólaaldurinn, Sigga Vill og Björk tóku þátt.
- 14. okt. - Fræðsluþing, Vitundarvakning um kynferðislegt, andlegt og líkamlegt ofbeldi gegn börnum, Sigga Lára og Katrín Rós frá Heiðarskóla og Þórdís frá Skýjaborg fóru.
- 24. – 25. okt. – Jón Hilmarsson sótti námskeið á vegum HR, starfsþróun skólastjórnenda.
- 25. okt. – Hjálmur Dór sótti námskeið hjá Skema í Vendikennslu
- 29. – 30. okt - Atferlisþjálfun fyrir börn með þroskafrávik. Haldið í Gerðubergi 29. og 30. Okt., Sigga Vill og Björk fóru.
- 6. nóv – Skólaheimsókn starfsmanna Heiðarskóla í Auðarskóla í Dölunum. Heimsóknin var mjög gagnleg og skemmtileg. Gott að hitta fólk og sjá aðstæður í sambærilegum skóla.
- 8. – 9. Nóv – Ársþing skólaþróunarfélagssins í Hagaskóla „Þarf skóli að vera skemmtilegur“ var yfirskrift ráðstefnunnar. Jón og Katrín Rós fóru.
- 19. nóv – Trúnaðarmannanámskeið kennara, Helga H fór.
- 27. nóv – List og verkgreinakennarar endurguldu heimsókn kennara úr Grundaskóla frá því í vor.
- 9. des – „Það þarf heilt samfélag til að ala upp barn“ Málþing á vegum foreldrafélaga skólanna var vel sótt en erindi fluttu; Magnús Stefánsson frá Marita, Páll Óskar
- tónlistarmaður, Sigrún K. Halldórsdóttir móðir þolenda og Bryndís Jónsdóttir framkvæmdastjóri Samfoks.
- 6. jan. – Starfsdagur leik- og grunnskóla. Íþáðar afhentir almennum starfsmönnum og haldið stutt námskeið þar sem kennt var á tækið. Starfsmannafundur á hvorum stað.

- 7. jan. – Starfsdagur í Heiðarskóla. Fyrirlestur frá Þórhildi Helgu um teymiskennslu.
- 16. jan. – Hæfnispróf fyrir starfsmenn sundlauga, Helga H, Guðbjörg og Solla sóttu námskeiðið sem Ólafur Ingi Grettisson hélt.
- 22. – 26. Jan. – Jón Hilmarsson, skólastjóri og Örn Arnarson, verkefnastjóri tækniþróunar sóttu skólataeknisýninguna Bett í London. Einnig var ráðstefna á vegum apple sótt og farið í heimsókn í skóla sem hefur náð góðum árangri með aðstoð tækninnar. Ferðin var mjög fróðleg og gagnleg fyrir áframhaldandi tækniþróun í leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar.
- 29. jan. – Jón Hilmarsson var boðið að taka þátt í stefnumótunarfundi Menntamálaráðuneytisins í upplýsingatekni í skólastarfi.
- 29. jan. – Birgitta Guðnadóttir trúnaðarmaður sótti námskeið á vegum stéttarfélags Vesturlands.
- 29. jan. – Tandurnámskeið fyrir almenna starfsmenn haldið í Heiðarskóla
- 29. jan. – leikur að læra námskeið í KHÍ sem kennarar leik- og grunnskólans sóttu.
- 30. jan. – Tákn með tali námskeið fyrir leikskólastarfsmenn sem Signý talmeinafræðingur hélt.
- 10. feb. – Þórdís og Berglind Bergsd. sóttu spjaldtölvunámskeið hjá Endurmenntun HÍ
- 10. – 11. feb. – Trúnaðarmaður almennra starfsmanna í Heiðarskóla sótti trúnaðarmannanámskeið
- 11. – 12. feb. – Tveir kennarar Heiðarskóla sóttu „Apple pro development“ námskeið á vegum epli til að verða ipad þjálfarar.
- 12. feb. – Uppbyggingarfyrirlestur á starfsmannafundi, Guðlaug Erla skólastjóri Ingunnarskóla flutti erindi.
- 17. feb. - Erfiðustu spurningarnar koma ekki á prófi!. Ráðstefna sem Sigga Lára sótti og hefur með list- og verkgreinar að gera.
- 18. feb. – Endurmenntun í Heiðarskóla. Hilmar Arason aðstoðarskólastjóri Grunnskóla Borgarness flutti erindi um innleiðingarvinnu nýrrar aðalnámskrár hjá Grunnskóla Borgarness.
- 21. feb. – Katrín Rós, náms- og starfsráðgjafi sótti námskeið í Bendli
- Í febrúar var unnið áfram í skólanámskránni. Í Heiðarskóla var verið að útfæra skólamarkmið þvert á námsgreinar. Þessi skólamarkmið hafa með áherslur og stefnu skólans að gera t.d. umhverfismennt, spjaldtölvukennslu, námstækni og uppbyggingarstefnu.
- 26. feb. – Jónella fór á fund bókasafnsfræðinga
- 27. feb. – Sigga Vill og S. Björk sóttu námskeið hjá Greiningarmiðstöð ríkisins
- Unnið hefur verið með gildi skólans í Heiðarskóla – Virðing, samvinna, vellíða og metnaður – Fjölbreytt verkefni sem ætluð eru til aukins skilnings á þessum gildum sem við viljum leggja mikla áherslu á í starfi skólans
- 7. mars. – Leiðtoganámskeið á Akranesi á vegum Dale Carnegie, Jón, Sigga Lára og Þórdís fóru.
- 14. mars – Starfsdagur í leikskólanum, námskeið „Leikur að læra
- 18. mars – Starfsfólk Grunnskóla Borgarfjarðar komu í heimsókn í Heiðarskóla til að kynna sér starf skólans, um 60 manna hópur.

- 19. mars – Jónella og Hrafnhildur fóru í heimsókn í Grundarskóla til að kynna sér byrjendalæsi
- 18. mars – Rétt málsmeðferð, námskeið í stjórnsýslumálum í Borgarnesi, Þórdís fór.
- 25. mars – Endurmenntunarnámskeið í Ipad í Heiðarskóla sem Ragnar Þór frá Skema hélt utanum.
- 8. apríl Katrín Rós fór á námskeið, Fjársjóðsleitinn
- Allir starfsmenn leikskólans sátu námskeið í „Tákn með tali“.
- 30. apríl. Starfsdagur í leikskólanum. Heimsóknir í 3 leikskóla í Borgarbyggð.
- Örn Arnarson hélt námskeið í Ipad fyrir starfsfólk leikskólans í apríl.

3.5.2. Tillögur að breytingum

Á næsta ári er gert ráð fyrir áframhaldandi áherslu á Ipadinn, sótt verður ráðstefna skólaþróunarfélagsins 14. ágúst, síðan verða aðrar ráðstefnur og námskeið síðar á skólaárinu sem gert er ráð fyrir að mæta á. Síðan er gert ráð fyrir tíma í grunnskólanum á næsta skólaári einn dag í mánuði, þriðjudag frá kl. 14:30 – 16:00. Sá tími verður nýttur til umræðu, fræðslu og hvers kyns endurmenntun sem snýr að áherslum og stefnu skólans.

Lokadrög að skólanámskránni verða tekin fyrir á starfsmannafundi um 22. september kl. 17:15, stefnt að útgáfu í lok september/byrjun október. Áður verður búið að senda skólanámskrána til umsagnar skólaráðs og fræðslu- og skólanefndar.

Næsta vetur verður lögð áhersla á að vinna að og ljúka „Handbók starfsmanna“ Drög að starfslýsingum verða klár í ágúst. Þau verða síðan rædd á starfsmannafundi 10. nóv kl. 17:15. Drög að öðrum þáttum í handbók starfsmanna verða send til starfsmanna um áramótin og rædd á starfsmannafundi 23. febrúar.

Handbók starfsmanna verður klár til útgáfu vorið 2015.

Sameiginlegir starfsmannafundir leik- og grunnskóla verða þrír, alltaf kl. 17:15 í Heiðarskóla:

- 22. september – Skólanámskrá
- 10. nóvember - Handbók starfsmanna, starfslýsingar
- 23. febrúar – Handbók starfsmanna, aðrir kaflar

Skóladagatal, starfsmenn Heiðarskóla - drög:

	AGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MÁÍ	JÚNÍ
1 F	1 M	Endumenntun kl. 14:35 - 2 D ísp	1 M Kennaraf.	1 L	1 M Fúlvéðingur / Fúlvéðingur	1 F Hýrðagur	1 S	1 S	1 M	1 F Verðveðingur	1 M Verðveðingur
2 L	2 D ísp	2 F Kennaraf.	2 S	2 S	2 D Teymsfundir kl. 14:35	2 F	2 M	2 M	2 F Skóladagur	2 L	2 D ísp
3 S	3 M Kennarafundur	3 F	3 M	3 M	3 M Kennarafundur	3 L	3 D Teymsfundir kl. 14:35	3 D Teymsfundir kl. 14:35	3 F Fúlvéðingur langi	3 S	3 M ísp
4 M	4 F Fúlvéðingur	4 F Kennarafundur	4 L	4 D Teymsfundir kl. 14:35	4 F Kennarafundur	4 S	4 M Kennarafundur	4 M Kennarafundur	4 L	4 M	4 F Skóladagur
5 D	5 F	5 S	5 S	5 M Kennarafundur	5 F	5 M Kennarafundur	5 F Kennarafundur	5 F Kennarafundur	5 S	5 D	5 F Skóladagur
6 M	6 L	6 M	6 M	6 F Kennarafundur	6 L	6 D Teymsfundir kl. 14:35	6 F	6 F Kennarafundur	6 M	6 M Kennarafundur	6 L
7 F	7 S	7 D Teymsfundir kl. 14:35	7 F	7 F	7 S	7 M Kennarafundur	7 L	7 L	7 D Teymsfundir kl. 14:35	7 F Kennarafundur	7 S
8 F	8 M Dagur ísp	8 M Kennarafundur	8 L	8 L	8 M Kennarafundur	8 F	8 S	8 S	8 M Kennarafundur	8 F	8 M
9 L	9 D Teymsfundir kl. 14:35	9 F Kennarafundur	9 S	9 S	9 D Teymsfundir kl. 14:35	9 F	9 M Kennarafundur	9 M	9 F Kennarafundur	9 L	9 D
10 S	10 M Kennarafundur	10 F	10 M	10 M	10 M Kennarafundur	10 L	10 D Teymsfundir kl. 14:35	10 D	10 F Kennarafundur	10 S	10 M
11 M	11 F Kennarafundur	11 L	11 L	11 D Teymsfundir kl. 14:35	11 F Kennarafundur	11 S	11 M Kennarafundur	11 M	11 L	11 M	11 F
12 D	12 F	12 S	12 S	12 M Kennarafundur	12 F	12 M	12 F Kennarafundur	12 F Kennarafundur	12 S	12 D	12 F
13 M	13 L	13 M	13 M	13 F Kennarafundur	13 L	13 D Teymsfundir kl. 14:35	13 F	13 F	13 M	13 M	13 L
14 F	14 M Kennarafundur	14 F	14 F	14 S	14 S	14 M Kennarafundur	14 L	14 L	14 D	14 F	14 M
15 F	15 M Kennarafundur	15 F	15 F	15 M	15 M	15 F Kennarafundur	15 S	15 S	15 M Kennarafundur	15 F	15 M
16 L	16 D Teymsfundir kl. 14:35	16 F	16 F	16 S	16 S	16 M Kennarafundur	16 L	16 L	16 M Kennarafundur	16 F	16 D
17 S	17 M Kennarafundur	17 L	17 L	17 D Teymsfundir kl. 14:35	17 F Kennarafundur	17 S	17 M Kennarafundur	17 M	17 L	17 M	17 F
18 M	18 F Kennarafundur	18 L	18 L	18 M Kennarafundur	18 F	18 M Kennarafundur	18 L	18 L	18 M Kennarafundur	18 F	18 M
19 D	19 F	19 S	19 S	19 M Kennarafundur	19 L	19 M	19 F Kennarafundur	19 F	19 S	19 D	19 F
20 M	20 L	20 M	20 M	20 F Kennarafundur	20 L	20 D Teymsfundir kl. 14:35	20 F	20 F	20 M	20 M	20 L
21 F	21 S	21 D Teymsfundir kl. 14:35	21 F	21 F	21 S	21 M Kennarafundur	21 L	21 L	21 D Teymsfundir kl. 14:35	21 F	21 S
22 F	22 M Kennarafundur	22 L	22 L	22 M Kennarafundur	22 F	22 M Kennarafundur	22 S	22 S	22 M Kennarafundur	22 F	22 M
23 L	23 D Teymsfundir kl. 14:35	23 F	23 F	23 M Kennarafundur	23 L	23 D Teymsfundir kl. 14:35	23 F	23 F	23 M Kennarafundur	23 L	23 D
24 S	24 M Kennarafundur	24 L	24 L	24 M Kennarafundur	24 F	24 S	24 M Kennarafundur	24 L	24 F	24 S	24 M
25 M	25 F Kennarafundur	25 L	25 L	25 M Kennarafundur	25 F	25 M Kennarafundur	25 S	25 S	25 M Kennarafundur	25 F	25 M
26 D	26 F Kennarafundur	26 L	26 L	26 M Kennarafundur	26 F	26 M Kennarafundur	26 S	26 S	26 M Kennarafundur	26 F	26 M
27 M	27 F Kennarafundur	27 L	27 L	27 M Kennarafundur	27 F	27 M Kennarafundur	27 S	27 S	27 M Kennarafundur	27 F	27 M
28 F	28 M Kennarafundur	28 L	28 L	28 M Kennarafundur	28 F	28 M Kennarafundur	28 S	28 S	28 M Kennarafundur	28 F	28 M
29 F	29 M Kennarafundur	29 L	29 L	29 M Kennarafundur	29 F	29 M Kennarafundur	29 S	29 S	29 M Kennarafundur	29 F	29 M
30 L	30 D Teymsfundir kl. 14:35	30 F	30 F	30 M Kennarafundur	30 L	30 D Teymsfundir kl. 14:35	30 F	30 F	30 M Kennarafundur	30 L	30 D
31 S	31 M Kennarafundur	31 L	31 L	31 M Kennarafundur	31 F	31 M Kennarafundur	31 S	31 S	31 M Kennarafundur	31 L	31 S

Þróunaráætlun næstu þriggja ára

Sameiginlegt:	Ávallt í starfi skólans	Umhverfismennt
		Grænfáninn
		Byrjendalæsi
		Ipad
Heiðarskóli:	Ávallt í starfi skólans	Uppbyggingarstefnan
Sameiginlegt:	2014-2015	Handbók starfsmanna
		Heilsuefning, undirbúningur
Skýjaborg:	2014-2015	Birtuleikskólar, samstarf
	2014-2016	Nordplus samstarf
Heiðarskóli:	2014-2015	Teymiskennsla, undirbúningur
	2014-2015	Starfendarannsóknir, vinnulag
	2014-2015	Comenius samstarf, undirbúningur

3.5.3. Starfendarannsókn


Í hefðbundnum rannsóknum er rannsakandinn að skoða og rannsaka störf annarra en í starfendarannsókn er rannsakandinn að rannsaka eigið starf. Hann er þá í raun bæði rannsakandinn og viðfangsefnið. Starfendarannsókn er eins konar sjálfsskoðun þar sem rannsakandinn skoðar eigin gildi og eigin viðhorf með því augamiði að skilja það betur og þróa til betri vegar. Hún felur í sér að þú ert að hugsa um – ígrunda – eigið starf, má einnig segja að hér sé um ákveðna sjálfsskoðun eða sjálfsgagnrýni að ræða samkvæmt kenningum.

Starfendarannsókn miðar að því að lýsa, túlka og skýra ferli eða atburði sem eiga sér stað á sama tíma og hún leitast við að bæta viðkomandi ferli.

Starfendarannsókninni fylgir mat rannsakanda á eigin starfi og ígrundun sem felur í sér sífellda leit að umbótum við nám og kennslu. Í eðli sínu hvetja starfendarannsóknir til breytinga. Starfið er skoðað kerfisbundið til þess að fá sem nákvæmasta mynd af því sem er að gerast. Niðurstöðurnar eru síðan notaðar til þess að halda áfram, bæta starfið og koma með nýjar eða breyttar leiðir til að ná betri árangri. Gagnsemi starfendarannsókna felast í því grundvallarmarkmiði þeirra, að bæta starfshætti með hagsmuni og þarfir skjólstæðinga í huga. Vinnubrögðum starfendarannsókna má lýsa sem hringlaga ferlum. Hver ferill inniheldur fimm þrep sem eru: framkvæmd, athugun, ígrundun, breytingar og áætlun. Megineinkenni starfendarannsókna og það sem við höfum haft að leiðarljósi eru eftirfarandi þættir:

- Kennari (rannsakandinn) rannsakar það sem hann er persónulega að gera í kennslunni, undirbúningi fyrir hana og framkvæmd – kennsluhættir. Kennari tekur m.a. upp kennslustund á videó tvisvar sinnum yfir árið og horfir á sjálfur.
- Kennarinn er jafnframt þátttakandi í því sem verið er að rannsaka
- Athugun og mat sem byggir á gagnrýnni ígrundun – taka upp kennslustund og skoða
- Meðan á rannsóknarferlinu stendur er stöðugt leitað eftir breytingum
- Stöðugt er leitað eftir þróun og skipulögðum breytingum á skólastarfinu / kennsluháttum en ekki staðreyndum eða staðfestingu á tilgátum
- Verkefni byggja á persónulegri reynslu
- Tilgangurinn er að skilja betur og bæta starfið – kennarinn kynnir niðurstöður sínar að vori

Hægt er að líkja starfendarannsókn við spíral, (sjá mynd fyrir neðan), þar sem ferlið er sí endurtekið og brugðist er við einstökum þáttum ferlisins eftir því hvernig stefnumótunin þróast.



Ferli Starfendarannsókna

Á myndinni má sjá að byggt er á stöðugri þróun og breytingum sem sýna þá staðreynd að ummyndandi ferli lýkur aldrei. Staðan er tekin, hún metin, áætlun gerð um næstu skref og hún framkvæmd og þannig gengur sí endurtekið ferlið fyrir sig.

3.5.4. Fræðslustjóri að láni

Þann 26. október 2012 undirrituðu fulltrúar frá Hvalfjarðarsveit, Sveitamennt og Símenntunarmiðstöðinni á Vesturlandi samstarfssamning um verkefnið „Fræðslustjóri að láni“ Markmiðið með þessum samstarfssamningi er að gera þarfagreiningu með öllum almennum starfsmönnum Hvalfjarðarsveitar og í framhaldinu var mótuð heildstæð fræðsluáætlun sem byggir m.a. á niðurstöðum þarfagreiningarinnar. Símenntunarmiðstöðin hefur umsjón með verkefninu, en verkefnið er fjármagnað af Sveitamennt sem er starfsmenntunarsjóður starfsmanna sveitarfélaga á landsbyggðinni innan aðildarfélaga Starfsgreinasambands Íslands.

Kristín Árnadóttir frá símenntunarmiðstöðinni gerði þarfagreiningu meðal almennra starfsmanna sveitarfélagsins og í samráði við stjórnendur setti saman fræðsluáætlun til næstu ára. Hún gerir ráð fyrir eftirfarandi námskeiðum (yfirstrikað það sem er búið):

• Numicon	haust 2013
• Samskipti á vinnustað og jákvætt hugarfar	haust 2013
• Námskeið fyrir almenna starfsmenn í tengslum við kennaraþing	haust 2013
• Heimsókn starfsmanna til leik- og grunnskóla	haust 2013
• Árangursríkir fundir	vor 2014
• Líkamsbeiting og vinnuáðstaða	vor 2014
○ Var gert í leikskólanum	
• Skapandi leikur og hreyfing	vor 2014
• Heimsókn starfsmanna til leikskóla	vor 2014
• Skyndihjálpi	haust 2014
• Hópeflisferð allra starfsmanna Hvalfjarðarsveitar	haust 2014
• Innanhúsfræðsla	haust 2014
• Mál- og hreyfiþroski barna	haust 2014
• Heimsókn starfsmanna til leikskóla	haust 2014
• Tölvu- og Ipad námskeið	vor 2015

3.10 Skólanámskrágerð leik- og grunnskóla

Skólinn fékk á síðasta ári styrk úr Sprotasjóði að upphæð 1200 þús. til að vinna að nýrri sameiginlegri skólanámskrá leik- og grunnskólans. Við fengum Dr. Ingvar Sigurgeirsson frá Menntavísindasviði Háskóla Íslands til liðs við okkur, okkur til halds og trausts. Dr. Ingvar hafði starfað með okkur árið áður að sama verkefni. Skipað var aftur í skólanámskrárteymi kennara og stjórnenda úr leik- og grunnskólanum;

- Bára Tómasdóttir, leikskólakennari
- Þórdís Þórisdóttir, sviðsstjóri Skýjaborgar
- Íris Dröfn Kristjánsdóttir, kennari í Heiðarskóla
- Jónella Sigurjónsdóttir, kennari í Heiðarskóla
- Katrín Rós Sigvaldadóttir, verkefnastjóri Skólaþróunar í Heiðarskóla
- Jón R. Hilmarsson, skólastjóri

Teymið hittist reglulega, undirbjó og ræddi það efni sem tekið var fyrir á starfsmannafundum. Sameiginlegir starfsmannafundir voru haldnir þrisvar sinnum yfir skólaárið þar sem allir starfsmenn skólans tóku þátt í að ræða, móta og samþykkja fyrirbyggjandi verkefni:

- Gildi skólans
- Mannauðsstefna og endurmenntun
- Markmið umhverfismenntar þvert á námsgreinar
- Markmið spjaldtölvunotkunar þvert á námsgreinar
- Markmið námstækni þvert á námsgreinar
- Markmið uppbyggingarstefnu þvert á námsgreinar
- Jafnréttisáætlun

Skólanámskráin verður gefin út haustið 2014.

4. Kennslufyrirkomulag og fjöldi nemenda var eftirfarandi í vetur:

1. bekkur	8 nemendur	Umsjónarkennari: Jónella Sigurjónsdóttir
2. bekkur	10 nemendur	Umsjónarkennari 2.-3. bekkjar: Hrafnhildur Ýr Árnadóttir
3. bekkur	8 nemendur	
4. bekkur	7 nemendur	Umsjónarkennari 4.-5. bekkjar: Hjálmur Dór Hjálmsson
5. bekkur	10 nemendur	
6. bekkur	6 nemendur	Umsjónarkennari 6.-7. bekkjar: Einar Sigurdór Sigurðsson
7. bekkur	10 nemendur	
8. bekkur	6 nemendur	Umsjónarkennari 8.-9. bekkjar: Íris Dröfn Kristjánsdóttir
9. bekkur	9 nemendur	
10. bekkur	8 nemendur	Umsjónarkennari: Sigurður Tómasson

Samtals nemendur í Heiðarskóla á liðnum vetri voru 81 talsins í upphafi en 83 í lokin.

Í Skýjaborg voru börnin flest 41 á skólaárinu.

Dropinn 16 börn á aldrinum 1-3ja ára. Deildarstjóri Bára Tómasdóttir

Regnboginn 25 börn á aldrinum 4-6 ára. Deildarstjórar Berglind Bergsdóttir og Magnea Sigríður Guttormsdóttir.

4.1. Tillögur að breytingum

Hugað verður að teymiskennslu, skipulagi og framkvæmd hennar á næsta skólavetri.

4.2. Skýrsla um sérkennslu

Einn sérkennari er í fullu starfi við bæði skólastigin og skiptir hlutfalli á vinnu sinni eftir þörfum hvors skólasviðs er 4 daga innan grunnskólans og 1 dag í viku í leikskólanum. En hann hefur yfirumsjón með sérkennslu og skipuleggur sérkennslu ásamt stjórnendum skólans. Það eru þrír hópar sem er aðallega beðið um stuðning fyrir: Nemendur sem ná ekki bekkjarmarkmiðum í lestri, nemendur sem ná ekki að halda í við jafnaldra í stærðfræði og nemendur sem eiga við hegðunarraskanir að stríða. Sérkennsla/stuðningur við nemendur hefur verið með mesta móti sl. vetur. Kennarar hafa tekið að sér sérkennslu inn á mið-og unglingastigi alls 18 kennslustundir á viku. Einn stuðningsfulltrúi er í fullu starfi inn í 8. bekk ásamt öðrum stuðningsfulltrúa sem er í kringum 60% stöðu inn í 2 bekk. Jafnframt

kemur skólaliði inn í bekk á miðstigi sem stuðningur við nokkra nemendur alls 21 kennslustund viku.

Leikskólasvið

Í vetur hefur sérkennarinn farið 1. dag í viku í leikskólann 7. klst í senn. Heildarfjöldi barna sem sérkennari hafði afskipti af eða fengu sérkennslu hjá sérkennara innan leikskólans í vetur voru 12 börn. Starf sérkennarans fólst aðallega í að annast athuganir/próf, gera einstaklingsáætlanir og fylgja eftir þjálfun /kennslu hjá þeim sem þurftu þess með ásamt ráðgjöf til starfsmanna leikskólans og samstarfi við foreldra/forráðamenn. Unnið var að mestu með málörvun, auka orðaforða og fleiri þætti er geta örvað þroska barnanna. Jafnframt var unnið með framburð ofl. eftir ráðleggingum frá talmeinafræðingi.

Helstu skimanir

- Hljóm-2 er mælir hljóðkerfisvitund og er tekið hjá börnum sem eru í elsta árgangi leikskólans.
- Íslenski þroskalistinn.
- ABLLS-R.
- Told-2P.
- Ásamt óstöðluðum matstækjum og óformlegum athugunum (áhorf og viðtöl) til að meta stöðu og framfarir barnanna.

Grunnskólasvið

Nemendur í sérkennslu eru valdir samkvæmt umsóknum umsjónarkennara frá sl. vori. Einnig ef sérstakar beiðnir koma frá umsjónarkennurum yfir veturinn, ásamt niðurstöðum eftir skimanir og próf sem gerð eru.

Heildarfjöldi nemenda sem fengu sérkennslu í vetur innan Heiðarskóla voru 25 nemendur. En sérkennarinn kom að málum 34 barna á bæði yngra og eldra stigi grunnskólans á skólaárinu.

Fyrst og fremst hefur meginþungi í starfi sérkennarans verið við nemendur skólans vegna lestrar-og stærðfræðierfiðleika, aðlaga námsefni miðað við það sem öðrum nemendum á sama aldri er boðið upp á. Finna úrræði við hegðunarfrávikum í samstarfi við umsjónarkennara og stuðningsfulltrúa, efla vinnusjálfstæði nemenda ásamt greiningu á námstöðu nemenda.

Í yngri bekkjum fer sérkennslan fram ýmist inni í bekkjum eða utan í litlum hópum eða einstaklingslega.

Í fyrsta bekk: Aðkoma sérkennara er innlit í bekkinn og fylgst með framvindu í lestri. Ráðgjöf og eftirfylgd/samstarf við starfsfólk eins nemanda innan bekkisins er hefur stuðning allan sinn skólatíma með kennara og stuðningsfulltrúa.

Í öðrum og þriðja bekk: Var samkennsla og bekkurinn naut aðstoðar sérkennara í samtals 6 kennslustundir á viku. Sérkennslutímarnir nýttust að mestu leyti 4 nemendum. Megináhersla var á úthald og einbeitingu til vinnu, stafainnlögn, tengingu hljóða og auka orðaforða, einnig þjálfra lestrarfærni og lesskilning. Stuðningsfulltrúi er nánast í fullu starfi inn í bekk sem stuðningur v/nemanda.

Í fjórða og fimmta bekk: Var samkennsla og bekkurinn naut aðstoðar sérkennara í samtals 6-7 kennslustundir á viku. Sérkennslutímarnir nýttust aðallega 4-6 nemendum. Megináhersla var lögð á málskilning, þjálfra lestrarfærni og lesskilning. Aðstoð við grunnþætti í stærðfræði og að þau fylgdu að mestu leyti námsefni árgangsins. Einnig er stuðningsfulltrúi inn í bekk alls 21 kennslustund á viku.

Í sjötta og sjöunda bekk: Var samkennsla og bekkurinn naut aðstoðar sérkennara í samtals 2 kennslustundir á viku. Megináhersla var lögð á málskilning, stafsetningu og málfræði.

Í áttunda og níunda bekk: Var samkennsla og bekkurinn naut aðstoðar sérkennara í samtals 4-5 kennslustundir á viku. Sérkennslutímarnir nýttust að mestu leyti fámennum hópi nemenda. Megináhersla var lögð á íslensku og aðstoð í stærðfræði. Auk þess er stuðningsfulltrúi í fullu starfi í 8-9 bekk.

Sérfræðipjónusta

Sálfræðingur beggja skólastiga kom hálfsmánaðarlega og sinnti greiningum og ráðgjöf á námsörðugleikum ofl. samkvæmt beiðnum auk viðtala við foreldra/forráðamenn, nemendur og kennara skólans. Sálfræðingur kom að málefnum alls 15 barna á skólaárinu. Gott samstarf var við aðrar þjónustustofnanir þ.e. Félagsþjónustu Hvalfjarðarsveitar ásamt samstarfi við sérfræðiteymi Akraneskaupsstaðar þ.e. iðjuþjálfar er kemur í leikskólann og ráðgjafarþroskaþjálfar sem kemur bæði í leik- og grunnskólann eftir samkomulagi. Einnig var veitt sérfræðiráðgjöf og eftirfylgd frá Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins. Einnig fengum við til liðs við okkur Signýju Einarsdóttur talmeinafræðing sl. vetur en hún kemur þrisvar yfir mánuðinn og skiptir þeim tíma milli beggja skólastiga og kom hún að málefnum barna.

Helstu skimanir

- Læsi- Lestrarskimun fyrir 1. og 2. bekk. Alls 3. sinnum yfir skólaárið.
- Lesmál.
- Orðarún 1-8 bekk.
- Samræmd próf í 4. 7. og 10. bekk.
- Skólafærni athugun (SFA).
- Logos –skimun hjá 3 og 5 bekk.
- Logos lesgreining eftir þörfum.
- Hraðlestrarpróf, lögð fyrir flesta árganga tvisvar yfir veturinn.

Nemendaverndarráð

Nemendaverndarráðsfundir voru haldnir að jafnaði einu sinni í mánuði yfir skólaárið. Nemendaverndarráð starfar í samræmi við reglugerð um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga við leik-og grunnskóla, í því sátu skólastjóri/sviðsstjórar beggja skólastiga, skólahjúkrunarfræðingur, skólasálfræðingur, félagsmálastjóri, náms-og starfsráðgjafi og sérkennari skólans. En skólastjóri hélt utan um fundina og ritaði fundargerð.

Starfið framundan

Nú á vordögum er undirbúningur hafinn að nýju skólaári. Þ.e. að undirbúa komu nýnema í haust, einnig er farið að huga að fyrirlögn samræmdra könnunarprófa sem haldin verða í haust hjá nemendum í fjórða, sjöunda og tíunda bekk með því að sækja um stuðningsúrræði/undanþágur fyrir nemendur sem þess þurfa í samræmi við 4. kafla í almenna hluta Aðalnámskrár grunnskóla (2011. bls 40). Á hverju vori sækja umsjónarkennarar um sérkennslu fyrir nemendur þar sem fram kemur rökstuðningur fyrir því hverskonar þjónustu/kennslu þeir þurfi að fá. Þessar upplýsingar eru svo notaðar til að skipuleggja sérkennslu og stuðning fyrir nemendur og til að meta hvort aukin þörf er fyrir aðstoð stuðningsfulltrúa eða önnur viðbótarúrræði, en slíkt er háð samþykki skólanefndar sveitarfélagsins.

4.3. Skýrsla frá Skýjaborg

Í leikskólanum í vetur voru börnin 41 þegar þau voru flest.

Árgangur	Alls
2008	14
2009	9
2010	8
2011	5
2012	5

Börnin skiptust á tvær deildar, 25 börn á eldri deild og 16 börn á þá yngri. Árgangar 2008, 2009 og tvö börn fædd 2010 voru á eldri deildinni og árgangar 2010, 2011 og 2012 á yngri deildinni. Leikskólinn er opinn frá kl. 7:30 – kl. 17:00. Foreldrar geta valið um að hefja dvöl barnanna milli kl. 7:30 – 9:00. Leikskólinn er gjaldfrjáls milli kl. 9:00 og 14:00. Meðaldvalartími barna í leikskólanum var 7.8 klst. daglega skólaárið 2013-2014.

Öllum börnum sem urðu 18 mánaða á skólaárinu og voru á skrá í upphafi skólaárs var boðið að koma í leikskólann.

4.4.1 Uppeldi og menntun

Námssvið leikskóla eru áhersluþættir í leikskólauppeldi. Þau eru læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sjálfbærni og vísindi og sköpun og menning. Námssviðin skarast og þau eru samofin undirstöðupáttum leikskólastarfs; leik, daglegri umönnun og almennri lífsleikni. Í námskrá eru þau aðgreind til að tryggja hverju og einu sinn sess í daglegu starfi í leikskólanum. Unnið er að markmiðunum í daglegu starfi, skipulögðu hópastarfi og leik. Í nýrri aðalnámskrá fyrir leikskóla eru skilgreindir grunnþættir menntunar sem eru: sköpun, jafnrétti, sjálfbærni, lýðræði, heilbrigði og velferð og læsi. Eiga þessir grunnþættir að verða leiðarljós við námskrárgerð. Grunnþættirnir eru skilgreindir í nýrri skólanámskrá.

Daglegt líf í leikskólanum tekur mið af þörfum barnahópsins hverju sinni. Leitast er við að skipuleggja umhverfi og athafnir þannig að allir geti tekið þátt í daglegu starfi. Dagskipulagið markast af athöfnum sem lúta að líkamlegum þörfum barna og heilsu. Þau matast, þvo sér, hvíla sig og sofa á föstum tímum og hefur leikurinn mikið vægi í dagskipulaginu þess á milli. Leitast er við að hafa jafnvægi milli frjálsra og skipulagðra leikja og verkefna.

Mikilvægt er að dagskipulagið sé í föstum skorðum til að skapa hefð og festu í leikskólastarfinu og til þess að barnið geti verið öruggt um til hvers sé ætlast af því.

Í gegnum athafnir daglegs lífs vinna kennarar að uppeldis- og námsmarkmiðum leikskólans og þar fer fram mikið nám og gefst gott tækifæri til að sinna hverjum og einum og vinna með námssviðsmarkmið og gildi.

Á hvorri deild er unnið að markmiðum skv. þroska og getu þeirra einstaklinga sem þar eru hverju sinni. Deildarstjórar vinna áætlanir sem byggja á markmiðum sem sett eru fram í skólanámskrá og deildarnámskrám. Starfsfólk vinnur skv. þessum áætlunum með barnahópnum hverju sinni.

Í leikskóla skal leggja áherslu á skapandi starf og leik barna. Ekki er um beina kennslu að ræða sem stefnir að ákveðinni fræðilegri þekkingu. Leikskólafræði eru fremur þroskamiðuð en fagmiðuð, með áherslu á leik barna sem náms- og þroskaleið, uppgötvunarnám.

Til viðbótar við leikinn og athafnir daglegs lífs er starfið byggt á skipulögðum stundum til að ná fram uppeldis- og námssviðsmarkmiðum leikskólans. Leikurinn er áfram í forgrunni í skipulögðum stundum.

Sérkennsla fer fram inni á deildum eftir því sem hægt er, með sérfræðingi ef þarf. Unnar eru einstaklingsnámskrár fyrir þau börn sem þurfa á sérkennslu/stuðningi að halda og unnið í nánú samstarfi við sérkennara og sérfræðinga hverju sinni.

Í vetur var unnið með nokkur þemu í leikskólanum. Unnið var grenndarverkefni á báðum deildum þar sem við skoðuðum hvar allir í leikskólanum áttu heima í sveitinni og settum myndir á viðeigandi staði á landakorti. Einnig var unnið með örnefni í sveitinni út frá sögunni um Rauðhöfða. Á eldri deild var unnið að því að þróa leikinn með aðferðafræði könnunaraðferðarinnar, unnið var með þemað vatn og einnig nokkur verkefni í byrjendalæsi. Á yngri deild var unnið með þemað „ég sjálf/ur“, verkefni tengd líkama og sjálfsmynd og unnið með liti og form.

4.4.2 Dagar og viðburðir á skólaárinu

Mjög vel hefur gengið að skipuleggja daga og viðburði á skólaárinu tímanlega. Dagatal fyrir hvern mánuð hjálpar til við það. Dagatal er hengt upp í fataklefa á báðum deildum.

Almenn ánægja með ferðirnar sem farið hefur verið í. Farið var með hóp barna í Borgarnes, á Bjarneyjarsand, á Súlunes og útskriftabörninn fóru á Akranes, á langasand og í skógræktina.

Í vetur kom Andri Snær Magnason, rithöfundur í heimsókn og las úr bók sinni fyrir börnin. Við fengum einnig að sjá leiksýningu frá leikhópnum Lottu sem kom í heimsókn í upphafi skólaárs.

Á bangsadaginn fengu allir að koma með bangsann sinn í leikskólann.

Haldið var upp á Dag íslenskrar tungu og komu nemendur úr þriðja bekk og lásu fyrir leikskólabörnin.

Foreldrum var boðið í heimabakaðar smákökur fyrir jólin og var síðan haldið jólaball og borðaður jólamatur í leikskólanum.

Í byrjun þorra buðum við öllum köllum að koma í kallakaffi í leikskólann og síðan var haldið upp á þorra með þorrablóti fyrir börnin. Í lok þorra var síðan öllum konum boðið í kaffi í tilefni konudagsins.

Á degi leikskólans fórum við í gönguferð með allan leikskólann um nágrenni leikskólans og síðan fengu börnin að skreyta stéttina í kringum stjórnsýsluhúsið.

Haldið var öskudagsball á öskudaginn og fengu allir sem vildu að koma í búningi.

Á degi umhverfisins fóru börn og starfsfólk um leikskólalóðina og nágrenni og hreinsuðu til.

Við héldum náttfatapartý og búningadag í leikskólanum en börnin áttu frumkvæði að því að þeir væru haldnir.

Hjóladaður var haldinn í júní og máttu allir koma með hjól með sér. Börnin fengu að fara út á bílastæði við stjórnsýsluhús að hjóla og var bílastæðinu lokað fyrir aðra umferð á meðan. Nýja skólalóðin okkar býður upp á góðar aðstæður til hjólreiða svo við ætlum að reyna að fjölga hjóladögum í leikskólanum.

Nokkuð vel mótaðar hefðir hafa skapast í kringum skipulagða daga sem er mjög jákvætt og getur starfsfólk gengið að ákv. skipulagi.

4.4.3 Samstarf við samstarfsaðila

Slökkvilið á Akranesi hefur verið í samstarfi við skólann. Slökkviliðsstjóri hefur heimsótt leikskólann nokkrum sinnum og farið yfir brunavarnir.

Skólahjúkrunarfræðingur hefur komið nokkrum sinnum í leikskólann í vetur og séð um að búnaður til fyrstu hjálpar sé í lagi og sinnt 4 ½ árs skoðunum barna. Iðjuþjálfari hefur komið frá heilsugæslunni nokkrum sinnum til að fylgja eftir greiningum, framkvæma frumgreiningar og veita ráðgjöf til leikskóla og foreldra.

4.4.4 Foreldrasamstarf

Foreldrar bera frumábyrgð á uppeldi og velferð barna sinna en leikskólinn veitir foreldrum stuðning og viðbót við það uppeldi sem börn fá heima. Foreldrar þekkja barn sitt best þar sem þeir hafa fylgst með þroskaferli og líðan frá fæðingu, kennari í leikskóla kynnist barni í leikskólastarfi og þekkir þroska þess, færni og viðbrögð í barnahópi.

Foreldrasamvinna í leikskólanum byggir að mestu á daglegum samskiptum við foreldra þegar þeir koma með börnin eða sækja þau. Leitast er við að taka vel á móti foreldrum og börnum og að allir finni að þeir eru velkomnir í leikskólann.

Í daglegum samskiptum er foreldrum veittar upplýsingar um líðan barnsins og hvað helst hefur drifið á daga þess í leikskólanum. Í leikskólanum er að finna upplýsingablöð þar sem hvíldartími barna er skráður, hvernig matartímar hafa gengið fyrir sig og upplýsingar um verkefni dagsins eru skráðar á skilaboðatöflu í fataklefa. Útbúin hafa verið mánaðardagatöl sem sett eru upp í fataklefa. Með því gefst foreldrum tækifæri á að fylgjast með viðburðum hvers mánaðar.

Heimasíða leikskólans er nýtt til að veita upplýsingar um daglegt starf í leikskólanum. Þar er einnig að finna skráningu á leikskólastarfinu í formi mynda, matseðil, almennar upplýsingar og fréttir úr leikskólastarfinu.

Foreldrafélag er starfandi fyrir sameinaðan leik- og grunnskóla. Foreldrafélag skipar fulltrúa í skólaráð. Hlutverk skólaráðs (foreldraráðs) skv. lögum um leikskóla er að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar um skólanámskrá og aðrar áætlanir er varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Skólaráð (foreldraráð) hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi. Upplýsingar um foreldrafélag má finna á heimasíðu skólans.

Þegar barn hefur leikskólagöngu sína koma foreldrar með barninu og dvelja með því í leikskólanum þar til það er orðið öruggt að vera eitt. Í byrjun skólaárs er foreldrum boðið að

koma á foreldrafund til að fræðast um leikskólastarfið og hvernig starf vetrarins mun fara fram.

Foreldraviðtöl voru tvisvar á skólaárinu, í október og mars. Góð þátttaka var í viðtölunum og gekk vel að fá foreldra til að skrá sig. Almenn ánægja foreldra er með upplýsingar sem þeir fá um börnin sín í viðtölunum og starfsfólk ánægt með skipulagið á þeim.

Foreldrafélag stóð fyrir sumaráhátíð í Fannahlíð þar sem boðið var upp á lifandi tónlist, vísindasýningu og grillaðar pylsur.

5. Heiðarborg

Heiðarborg er íþróttamiðstöð skólans og almennings eftir starfstíma skólans. Leikfimi og sundkennsla fer fram í Heiðarborg. Sólrún er starfsmaður í fullu starfi í baðvörslu á starfstíma skólans, húsvörður skólans, Bjarni sinnir baðvörslu í tvo daga í hverri viku. Aðstaða Heiðarborgar er eftirfarandi;

- 12,5m innisundlaug
- Íþróttasalur
- Tækjasalur

Heiðarborg er opin fyrir almenning eftir kl. 14:30 á hverjum virkum degi frá 1. Sept til 31. Maí (undantekning var á þessu ári en þá var opið í sundlaugina í júní). Tveir starfsmenn, af sitthvoru kyni, eru á hverri vakt á almennum opnunartíma sundlaugarinnar. Frítt er í sundlaugina fyrir alla sundlaugargesti.

Íþróttamiðstöð, opnunartími er eftirfarandi;

- Mánudaga og miðvikudaga frá kl. 14:30 til 19:00
- Þriðjudaga og fimmtudag frá kl. 14:30 til 21:00
- Laugardaga frá kl. 11-14:00

Eftirfarandi samantekt sýnir mætingu sundlaugargesta síðustu þrjú ár:

Sundlaug				
	2012	2013	2014	2015
Janúar	60	121	193	
Febrúar	176	96	169	
Mars	102	73	188	
Apríl	79	117	111	
Maí	46	53	86	
Júní			35	
Júlí				
Ágúst				
September		38		
Október	8	60		
Nóvember	118	65		
Desember	84	62		
Samtals	673	685	782	

Á þessari samantekt sést að árið í ár ætlar að verða mjög gott miðað við fyrri ár og hefur stöðugleiki í starfsmannahaldi mikið með það að gera.

5.1. Tillögur að breytingum

Mikið viðhald hefur verið á húsnæði og tækjum Heiðarborgar á undanförunum árum. Íþróttasalurinn er lítill og lágt til lofts og hentar ekki fyrir allar íþróttagreinir sem skólinn á að kenna. Gólfíð er einnig illa farið og farið að flísast upp úr því í fætur skólanema.

Tækjasalurinn er þröngur og hýsir illa þau tæki sem þyrftu að vera í vel útbúnum tækjasal. Fjármagn sem hefur verið veitt til tækjakaupa er sáralítið og undanfarin tvö ár hafa tæki verið endurnýjum með kaupum á notuðum búnaði í gegnum barnaland.is

Skoða þarf vel húsakostinn og þá starfsemi sem sveitarfélagið vill að fari þar fram og hvaða gæði og nýtingu á að bjóða uppá.

6. Mánaðarskýrslur skólastjóra

Skólastjóri gerir upp hvern mánuð í starfi leik- og grunnskólans í mánaðarskýrslu skólastjóra, fer yfir það sem hefur verið gert í stuttu máli. Mánaðarskýrslurnar eru lagðar fram á skóla- og fræðslunefndarfundum sem eru haldnir mánaðarlega, fyrsta fimmtudag hvers mánaðar. Skýrslurnar eru einnig birtar á heimasíðu skólans.

Mánaðarskýrsla skólastjóra

Ágúst og september 2013

6. ágúst tók leikskólinn til starfa aftur eftir sumarfrí með starfsdegi / undirbúningi

7. ágúst opnaði leikskólinn aftur fyrir börn. Í leikskólanum í vetur verða um 40 börn á tveimur deildum. Nýr leikskólakennari kom til starfa en það er Bára Tómasdóttir sem verður deildarstjóri Dropans. Einnig kom til starfa nýr matráður, Hjalta Sigríður Júlíusdóttir.

14. ágúst sóttu kennarar leik- og grunnskólans ráðstefnu í Norðlingaskóla „Ertu tilbúin fyrir tæknina?“

15. ágúst mættu kennarar Heiðarskóla til vinnu eftir sumarfrí, framundan voru fimm starfsdagar.

Á starfsdögum var boðið upp á Numicon námskeið fyrir leik- og grunnskólann, „Er gaman í vinnunni?“ erindi hjá Ingrid Khulman og óvissuferð um Hvalfjörð sem var bland af fræðslu og skemmtun.

Í Heiðarskóla er gerður vinnutímaramma samningur við hvern og einn kennara sem tekur mið af stundatöflu viðkomandi, áherslum skólans í endurmenntun og þróunarverkefnum greiddum úr pottormi. Endurmenntun skipulögð af skólanum er m.a. fest niður í vinnutíma annan hvern þriðjudag. Teymisfundir þróunarverkefna eins og sjálfsmats, tækniþróunar, umhverfismenntar, uppbyggingarstefnu og skólanámskrár eru einnig skipulagðir aðra hverja viku í vinnutímaramma.

Stjórnarfundir skólastjóra og sviðsstjóra eru vikulegir, alltaf á mánudagsmorgnum kl. 9 í Heiðarskóla. Á þeim fundum er m.a. farið yfir vikuna sem er framundan.

Í vetur verður yngst stígs nemendum boðið upp á aukna hreyfingu í skólanum með tilkomu íþróttaskólans. Einnig er boðið upp á forskóla tónsitaraskólans

Í ágúst og á starfsdögunum sóttu kennarar ýmis námskeið, m.a. í byrjendalæsi I og II, stjórnun skólakórs, uppbyggingarstefnu og matreiðslu.

Í byrjun september hófst innleiðing Ipad verkefnisins fyrir alvöru þegar unglingarnir í 8.-10. Bekk fengu afhenta Ipad til notkunar í námi.

22. ágúst var skólasetning Heiðarskóla. Nemendur verða rétt rúmlega 80 í vetur. Nýir kennarar eru Jónella Sigurjónsdóttir og Hjálmur Dór Hjálmsson.

3. sept. – Annan hvern þriðjudag í Heiðarskóla en skilgreindur tími fyrir endurmenntun. Á þessum dögum er fengin inn fræðslu, rætt um fagleg mál og þróunarverkefni m.a. Íþad innleiðingu.

5. sept var leikskólalóð Skýjaborgar formlega opnum og tekin í gagnið. Að allra mati hefur vel tekist til með endurbætur á henni. Haldið var upp á opnunin með súkkulaðitertu og skemmtiatriði frá leikhópnum Lottu.

5. sept. hittust skólastjórar samstarfsskólanna á Vesturlandi á fundi í Borgarnesi og skipulögðu samstarf vetrarins

6. sept. sótti Jón og Katrín Rós málþingið „Skóli á nýrri öld“ í KHÍ. Þingið var til heiðurs Gerði G. Óskarsdóttur fyrrverandi fræðslustjóra Reykjavíkur og verkefnum hennar.

16. sept. var haldið upp á Dag íslenskrar náttúru annars vegar með útiverkefnum við Heiðarskóla og hins vegar hjá leikskólanum í Fannahlíð. Strekkings vindur setti smá strík í verkefni dagsins. Á þessum degi var sparkvöllurinn vígður með knattspyrnuleikjum nemenda og starfsmanna.

17. sept voru foreldraviðtöl í Heiðarskóla þar sem nemendur sett sér m.a. þrjú markmið til að vinna að.

17.-18. sept voru foreldrarkynningarmorgnarnar í leikskólanum, opnir morgnarnar þar sem foreldrar gátu komið og kynnt sér starfið í skólanum.

19. sept. sóttu Sigga Lára og Katrín Rós mentornámskeið til Reykjavíku. Heiðarskóli er að nota mentor töluvert mikið og sú vinna kemur til með að aukast með innleiðingu nýs námsmats grunnskóla.

19. sept sótti Jón skólastjóri aðalfund skólastjórafélags Vesturlands á Borgarnesi. Jón var kosinn inn í stjórn félagsins.

23. sept kom Ella umferðartröll í heimsókn til yngsta stigsins og fór yfir helstu umferðarreglurnar í skemmtilegum leikþætti

23. – 25. Sept fóru fram samræmd próf í Heiðarskóla hjá 10. Bekk. Prófað var í ensku, íslensku og stærðfræði.

25. sept sótti skólastjóri undirbúningsfund í Stjórnsýsluhúsin fyrir væntanlega fjárhagsáætlunargerð næsta árs.

26. sept kom Tannfræðingur í heimsókn í leikskólann og fræddi börnin um almenna tannhirðu og mikilvægi hennar.

26. sept kom Berglind Bergs kennari í leikskólanum með krabba í heimsókn í leikskólann til að sýna börnunum.

26. – 27. Sept fóru fram samræmd próf í Heiðarskóla í 4. og 7. bekk í íslensku og stærðfræði.

27. sep - Röskun á einhverfurófi I, grunnnámskeið. Haldið í Gerðubergi 27. sept. Sigga Vill og Björk sóttu námskeiðið.

27. sept sóttu nokkrir kennarar leik- og grunnskólans Menntakviku Háskóla Íslands í húsnaði menntavísindasviðs.

30. sept var fyrsti fundur nemendaverndarráðs leik- og grunnskólans. Breyting var á skipulagi og verkefnum nemendaverndarráðs í haust en ákveðið var að útvíkka starfsvettang ráðsins með því að taka inn mál frá leikskólanum. Með þessu verður meiri og betri samfella í þessum málaflokki og faglegri umræða og afgreiðsla mála.

30. sept var fyrsti sameiginlegi starfsmannafundur leik- og grunnskólans í áframhaldandi skólanámskrárgerð. Á þessum fundi var rætt um og skilgreind hugtök sem við höfum valið sem gildin í starfi skólans: Virðing, vellíðan, samvinna og metnaður. Nemendur leik- og grunnskólans koma líka til með að vinna með hugtökin áður en þau verða afgreidd og samþykkt í skólanámskrána.

Skólanámsskrárvinna Leik- og grunnskólans fór af stað í sept/okt og byrjað var á því að vinna með gildi skólans; virðingu, vellíðan, samvinnu og metnað. Nemendur og starfsmenn komu að þessari vinnu. Næstu skref í þeirri vinnu verður námsmatið og skiljast leiðir leik- og grunnskóla þar. Dr. Ingvar Sigurgeirsson verður áfram ráðgjafi skólans í þessari vinnu.

Nýr starfsmaður kom í Heiðarborg í október sem vinnur mánudaga til fimmtudag, Guðbjörg Jakobsdóttir heitir starfsmaðurinn. Sunneva Líf kom einnig ný til starfa í Heiðarskóla, leysir af Alexandríu sem er komin í fæðingarorlof.

Nemendur tóku þátt í könnun skólalúpsins í október, niðurstöður könnunarinnar koma síðar.

1. okt. – Tannfræðingur kom í heimsókn í Skýjaborg og ræddi við börnin um mikilvægi góðrar tannhirðu.

1. okt. - Hafþór Guðjónsson sérfræðingur í starfendarannsóknum kynnti aðferðafræðina

3. okt. – Bjölluverkefni tónlistarvals í Heiðarskóla. Nemendur bjuggu til bjölluhljóma sem voru spilaðir í stað hefðbundinnar bjölluhringingar.

4. okt. – Starfsdagur kennara í Heiðarskóla vegna Haustþings kennara á Vesturlandi. Auk þess var fengin kynning á verkefninu „Heilsuefandi skóli“ frá Lýðheilsustöð.

4. okt. – Hálfur starfsdagur var í leikskólanum sem annars vegar var notaður til undirbúnings fyrir foreldraviðtöl og hins vegar var fengin fræðsla á útileikjum sem Hildur Karen frá Akranesi sá um. Almennir starfsmenn úr Heiðarskóla tóku þátt í námskeiðinu með leikskólastarfsmönnum.

9. okt. – Heiðarskóli tók þátt í Norræna skólalaupinu. Hlaupnir voru 2,5km, 5km og 10km allt eftir getu hvers og eins.

10. – 11. okt. – Námsstefna og aðalfundur Skólastjórafélags Íslands, Jón sótti hvoru tveggja.

11. - 18. okt. - Netnámskeið - Röskun á einhverfurófi IIB – grunnskólaaldurinn, Sigga Vill og Björk tóku þátt.

14. okt. - Fræðsluþing, *Vitundarvakning* um kynferðislegt, andlegt og líkamlegt ofbeldi gegn börnum, Sigga Lára og Katrín Rós frá Heiðarskóla og Þórdís frá Skýjaborg fóru

16. okt – Elstu börn leikskólans og börnin í 1. Bekk fóru saman í fjöruferð í Súlunes.

17. – 18. okt. – Vetrarfrí í Heiðarskóla

21. – 25. okt. – Nemendur 9. Bekkjar dvöldu í eina viku í skólabúðunum á Laugum í Sælingsdal ásamt umsjónarkennaranum sínum. Þar hittu nemendurnir jafnaldra sína úr

samstarfsskólunum á Vesturlandi og unnu með þeim skemmtileg verkefni tengd umhverfi, íþróttum og hópefli.

24. okt. – Unnið hefur verið að bekkjarsáttmála samkenndsluhópa í Heiðarskóla í anda uppbyggingarstefnunnar undanfarnar vikur. Sáttmálarnir eru klárir og til sýnis á heimasíðu skólans.

24. – 25. okt. – Jón Hilmarsson sótti námskeið á vegum HR, starfsþróun skólastjórna.

25. okt. – Hjálmur Dór sótti námskeið hjá Skema í Vendikennslu

25. okt. – Bangsadagur í leikskólanum og haldið upp á afmæli október barna.

28. okt – 1. nóv – Umhverfispæmi – Vatn. Skólastarf Heiðarskóla var brotið upp þessa vikuna fyrir hádegi þar sem áhersla var lögð á umhverfismál og vatn þá sérstaklega. Mörg áhugaverð verkefni voru gerð, m.a. var Tannakotslækurinn virkjaður og rafmagn búið til.

29. – 30. okt - Atferlisþjálfun fyrir börn með þroskafrávik. Haldið í Gerðubergi 29. og 30. Okt., Sigga Vill og Björk fóru.

1. nóv. – Umhverfissýning í Heiðarskóla. Kynningar á verkefnum vikunnar fyrir nemendur, foreldra og aðra áhugasama um skólastarfið.

Í október fengum við heimsókn frá forvarnarfulltrúa VÍS í Heiðarskóla sem kom með nokkrar athugasemdir sem við þurfum og huga að og lagfæra.

5. nóv – Fundur með formanni fræðslu- og skólanefndar og oddvita sveitarstjórnar í leikskólanum vegna málefna hans. Jón og Þórdís hittu þau.
6. nóv – Skólaheimsókn starfsmanna Heiðarskóla í Auðarskóla í Dölunum. Heimsóknin var mjög gagnleg og skemmtileg. Gott að hitta fólk og sjá aðstæður í sambærilegum skóla.
6. nóv – skólastjóri sótti fund á Akranesi sem SA og Iðnaðarráðuneytið boðaði til vegna fækkunar nemenda í iðn- og verkgreinar á framhaldsskólastigi.
7. nóv – Helena Bergström verkefnastjóri umhverfismenntar var með erindi á ráðstefnu Sambands ísl sveitarfélaga um verkefnið okkar „Matarvigtun og minnkun úrgangs“
8. nóv – Náttfata- og afmælisdagur í Skýjaborg.
8. – 9. Nóv – Ársþing skólaþróunarfélagssins í Hagaskóla „Þarf skóli að vera skemmtilegur“ var yfirskrift ráðstefnunnar. Jón og Katrín Rós fóru.
15. nóv – Þórdís Þórisdóttir hætti sem sviðsstjóri Skýjaborgar og snéri aftur í sitt fyrra starfa sem deildarstjóri.
- 15 - 19. nóv – haldið upp á dag íslenskrar tungu. Andri Snær rithöfundur kom í heimsókn og nemendur 3. Bekkjar fóru í heimsókn í leikskólann og les fyrir börn og starfsfólk. Nemendur miðstigs sýndu eigin heimildarmynd um Jónas Hallgrímsson í Heiðarskóla fyrir aðra nemendur.
19. nóv – Sveitarstjórn kom í vettvangsferð í leikskólann, kynnti sér aðstæður og hugsanlegar breytingar á aðstöðu barna og starfsfólks
19. nóv – Trúnaðarmannanámskeið kennara, Helga H fór.
20. nóv – Benni Kalli kom í heimsókn og var með forvarnarfyrirlestur í 10. Bekk.
20. nóv – Niðurstöður skólapúlsins kynntar á starfsmannafundi, könnun sem var gerð meðal nemenda í 6. – 10. Bekk.
22. nóv – Öfugur dagur hjá 2. og 3. Bekk. Allt var öfugsnúið, krakkarnir voru ýmist í öfugum fötum eða í náttfötum. Þar sem allt var öfugt fengu krakkarnir að ráða dagskránni en ekki kennarinn. Það hentaði ágætlega því kennarinn var þegjandi hás og kom ekki upp nokkru orði.
22. nóv – Vinnulota Sönghóps Heiðarskóla eftir skóla. Tekið upp lagið „Ég sá mömmu kyssa jólasvein“ og búið til myndband.
25. nóv – Opnað fyrir frammistöðumat í mentor fyrir nemendur og foreldra.

28. nóv - Sólveig Jónsdóttir, fyrrverandi nemandi Heiðarskóla og núverandi starfsmaður Unicef kom í skólann og tók á móti peningum sem nemendur skólans höfðu safnað í gegnum áheitaöngu. Hún kynnti einnig starf samtakanna fyrir nemendunum

Í vikunni var sett upp Nýtnihilla í Heiðarskóla. Hægt er að leggja i hilluna muni sem fólk er hætt að nota og taka úr ef þar finnst eitthvað sem kemur að gagni. Nýtnihillan er liður í umhverfismennt skólans, það sem einn er hættur að nota getur nýst öðrum.

27. nóv – List og verkgreinakennarar endurguldu heimsókn kennara úr Grundaskóla frá því í vor.

28. nóv. – Fullveldishátíð Heiðarskóla. Elstu börn Skýjaborgar og nemendur 1.-5. Bekkjar voru með leikatriði og söng. Góð mæting var meðal áhorfenda og tókst skemmtunin með miklum ágætum.

29. nóv – Slegið var á léttu strengi daginn eftir Fullveldishátíðina og hafður náttfatadagur í Heiðarskóla

29. nóv – Blár dagur var í leikskólanum meðal barna og starfsmanna

Yngri deild leikskólans, Dropinn hefur lagt áherslu á fjölbreytta málörvun í desember. Mikið var sungið, æfðar voru rímur og þulur eins og „Fagur fiskur í sjó“. Numicon stærðfræðiefni var einnig notað en það auðveldar börnum að skilja tölur og stærðir auk þess sem gróf- og fínhyringar voru æfðar.

2. des – Blár dagur í leikskólanum. Börn og starfsmenn mættu í bláu og meira að segja var hádegismaturinn blár.

2. des – Dagur íslenskrar tónlistar. Nemendur Heiðarskóla tóku þátt í dagskránni með því að koma saman á sal og syngja saman.

2. – 6. des var jólaföndur og piparkökubakstur í leikskólanum.

2. – 6. des – Nýtni – og matavigtunarvika í Heiðarskóla.

2. des – opnað fyrir frammistöðumat fyrir nemendur og foreldra Heiðarskóla. Matið er notað til að meta stöðu nemendans, fá umræðu um stöðu hans á heimilinu og í foreldraviðtölum í janúar.

4. des – Jólaföndur foreldrafélags leik- og grunnskólans var haldið í Heiðarskóla. Mæting var góð og ýmislegt fönðrað fyrir jólin.

6. des – Rafmagnslaus dagur í leikskólanum.

6. des – Akranesferð 3. Bekkinga þar sem slökkviliðstöðin og Safnasvæðið á Görðum var heimsótt. Ferðin var bland af fræðslu, forvörnum og sögu.

6. des – Rauður dagur í grunnskólanum auk þess sem unglingavalið stóð fyrir dönskum degi. Þar sem nú styttest í jólin var ákveðið að bjóða upp á Julefrokost. Boðið var upp á alls kyns góðgæti eins og flæskesteg, smørrebrød, pepperkaker, risalamande og juleglögg. Matrúðskonur voru svo með frikkadeller í hádegismatinn. Dönsk jólatónlist hljómaði í matsalnum. Nemendur í 4. og 5. bekk gerðu danska fánann í tilefni dagsins og nemendur í 6. og 7. bekk skreyttu piparkökur. Krökkunum fannst þetta einstaklega skemmtilegt og voru duglegir að smakka alls kyns smárétti.

8. des – Sönghópurinn „Spangólandi úlfar“ tók þátt í jólatónleikum Saurbæjarkirkju

9. des – 10. Bekkingar ásamt kennara völdu jólatré fyrir skólann í skógræktarrét Skilmannahrepps við Fannahlíð.

9. des – „Það þarf heilt samfélag til að ala upp barn“ Málþing á vegum foreldrafélaga skólanna var vel sótt en erindi fluttu; Magnús Stefánsson frá Marita, Páll Óskar

tónlistarmaður, Sigrún K. Halldórsdóttir móðir þolenda og Bryndís Jónsdóttir framkvæmdastjóri Samfoks.

9. – 12. des – Jólapróf í Heiðarskóla.

11. des – Fundur um öryggismál með forvarnarfulltrúa VÍS í Heiðarskóla, Jón, Marteinn, Bjarni og Ómar mættu

12. des. – Námskeið fyrir sundlaugarstarfsmenn í Kópavogi, Helga H, Solla og Guðbjörg tóku þátt.

12. des – Jólamörgunstund í Heiðarskóla. Nemendur í 1. – 5. bekk fluttu nokkur atriði og foreldrar mættu með góðgæti á hlaðborð. Morgunstundin tókst mjög vel, atriðin voru góð og sömuleiðis mæting hjá foreldrum.

12. des – Stjórnarfundur skólastjórafélags Vesturlands haldinn í Borgarnesi, Jón fór.

12. des – Jólaball fyrir unglingana í Varmalandi. Ballið tókst vel en nemendurnir urðu veðurteptir á heimleiðinni þannig að heimkomu seinnkaði töluvert.

13. des – Jólaball og –kaffi í leikskólanum. Boðið var upp á kaffi og meðlæti fyrir aðstandendur og auk skemmti- og söngatriða frá börnum.

19. des – Sönghópurinn „Spangólandi úlfar“ tók þátt í jólatónleikum á Bjarneyjarsandi þar sem Sveitin milli stranda kom fram.

20. des – Litlu jólin voru haldin hátíðleg í Heiðarskóla í dag. Við byrjuðum daginn á sameiginlegu jólaballi þar sem hljómsveit hússins spilaði og söng. Nokkrir jólasveinar kíktu í heimsókn og færðu börnunum góðgæti í poka. Eftir jólaballið fóru nemendur í stofur með sínum umsjónarkennara og þar voru haldin svokölluð stofujól. Við enduðum daginn á að borða saman hátíðarmat. Það voru ánægðir nemendur sem kvöddu okkur í lok dags á leið í langþráð jólafrí.

6. jan. – Starfsdagur leik- og grunnskóla. Ípadar afhentir almennum starfsmönnum og haldið stutt námskeið þar sem kennt var á tækið. Starfsmannafundur á hvorum stað.

7. jan. – Starfsdagur í Heiðarskóla. Farið í gegnum einn kafla í sjálfsmatinu og einnig tekin greiningarstaða með svótgreiningu. Fyrirlestur frá Þórhildi Helgu um teymiskennslu.

8. jan. – Kennsla hefst aftur í Heiðarskóla eftir jólafrí.

13.-17. Jan. – 7. Bekkingar fóru í skólabúðirnar á Reykjum ásamt umsjónarkennara. Nemendur og kennari ánægðir með dvölinu.

16. jan. – Hæfnispróf fyrir starfsmenn sundlauga, Helga H, Guðbjörg og Solla sóttu námskeiðið sem Ólafur Ingi Grettisson hélt.

20. jan. – Byrjað að afhenda nemendum 1.-7. Bekkjar Ípada. Nemendur 1.-3. Bekkjar nota þá sem bekkjarsett, þeir eru geymdir í skólanum og mest nýttir hjá umsjónarkennara. Nemendur 4.-5. Bekkjar hafa sína eigin ípada, bera ábyrgð á þeim og nýta í mörgum námsgreinum. Ípadarnir eru sömuleiðis geymdir í skólanum. Nemendur 6.-7. Bekkjar bera ábyrgð á sínum og taka þá heim með sér.

20. jan. – Rafmagnsmæling hafin í Heiðarskóla á vegum umhverfisnefndar

20. jan. – Þorleifur Baldvinsson kom til starfa í Heiðarskóla og Heiðarborg.

20. jan. – Nemenda- og foreldrafundur vegna Danmerkurferðar næsta ár.

20.-24. Jan. – Matarvigtnun og umræður hjá umsjónarkennurum

21. jan. – Foreldraheimsóknir næstu daga í 6.-7. Bekk tengd náms- og starfsfræðslu. Foreldra koma og segja frá starfi sínu.

22. – 26. Jan. – Jón Hilmarsson, skólastjóri og Örn Arnarson, verkefnastjóri tækniþróunar sóttu skólatækniþýninguna Bett í London. Einnig var ráðstefna á vegum apple sótt og farið í heimsókn í skóla sem hefur náð góðum árangri með aðstoð tækninnar. Ferðin var mjög fróðleg og gagnleg fyrir áframhaldandi tækniþróun í leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar.

23. jan. – Fundur vegna samstarfs leik- og grunnskóla

23. jan. – Umhverfisnefnd heimsótti alla bekki með stutta kynningu á verkefnum nefndarinnar

23. jan. – Úti morgunstund í Heiðarskóla. Borðaður var morgunverður við varðeld. Heyra mátti snarkið í eldinum í logninu sem aldrei þessu vant var á skólasvæðinu þennan morgun.

24. jan. – Kallakaffi í Skýjaborg var vel sótt og voru ýmis verk nemenda til sýnis. Börnin á Regnboganum voru búin að teikna myndir af pöbbum sínum sem slógu í gegn.

29. jan. – Jón Hilmarsson var boðið að taka þátt í stefnumótunarfundi Menntamálaráðuneytisins í upplýsingatækni í skólastarfi.

29. jan. – Birgitta Guðnadóttir trúnaðarmaður sótti námskeið á vegum stéttarfélags Vesturlands.

29. jan. – Tandurnámskeið fyrir almenna starfsmenn haldið í Heiðarskóla

29. jan. – leikur að læra námskeið í KHÍ sem kennarar leik- og grunnskólans sóttu.

30. jan. – Fundur skólastjórafélags Vesturlands á Hótel Hamri. Hilmar Arason aðstoðarskólastjóri Grunnskólans á Borgarnesi fór yfir vinnu þeirra við innleiðingu aðalnámskrár.

30. jan. – Listaverkasýning í stjórnsýsluhúsinu á verkum leikskólabarna. Á sýningunni má sjá m.a. verkefni eldri barna um vatnið sem unnið var með aðferðarfræði könnunaraðferðarinnar. Síðan eru verk yngri barna um krumma.

30. jan. – Könnun lögð fyrir unglingastigið „Heilsa og lífskjör skólanema“.

30. jan. – Tákn með tali námskeið fyrir leikskólastarfsmenn sem Signý talmeinafræðingur hélt.

31. jan. – Fyrsti fundur stýrihóps um framtíðarmál leikskólans fundaði í Stjórnsýsluhúsinu, Jón sat fundinn fyrir hönd skólans.

Mánaðarskýrsla skólastjóra – febrúar 2014

31. mars 2014

4. feb. – Spilakvöld foreldrafélagsins í Heiðarskóla. Góð mæting og skemmtilegt kvöld þar sem fjölbreytt spil voru spiluð.

5. feb. Lífshlaupið hófst meðal barna, ungmenna og starfsfólks skólanna.

6. feb. – Dagur leikskólans. Starfið brotið upp í skólanum í tilefni dagsins.

6. feb. – Þorablót í leik- og grunnskólanum.

7. feb. – Tannfræðingur kom í heimsókn í Heiðarskóla og fræddi nemendur um góða tannhirðu.

10. feb. – Þórdís og Berglind Bergsd. sóttu spjaldtölvunámskeið hjá Endurmenntun HÍ

10. – 11. feb. – Trúnaðarmaður almennra starfsmanna í Heiðarskóla sótti trúnaðarmannanámskeið

11. – 12. feb. – Tveir kennarar Heiðarskóla sóttu „Apple pro development“ námskeið á vegum epli til að verða ipad þjálfarar.

12. feb. – 10. bekkingar fóru í kynningarferð í FVA

12. feb. – Uppbyggingarfyrirlestur á starfsmannafundi, Guðlaug Erla skólastjóri Ingunnarskóla flutti erindi.

11. – 13. feb. – Ungt fólk 2014, rannsókn meðal nemenda 8.-10. Bekkjar lögð fyrir nemendur.

12. feb. – 1. Bekkingar fóru í heimsókn í leikskólann

12. feb. – Árleg starfsmannaviðtöl hófust

13. feb. – Dótadagur í leikskólanum

14. feb. – Fundur stýrihóps um framtíðar húsnaðismál leikskólans

15. feb. – Kleinubakstur í Heiðarskóla hjá væntanlegur Danmerkurförum, ferðin verður vorðið 2015.

17. feb. – Umhverfisnefnd Leik- og grunnskóla veitt viðurkenning fyrir gott starf í umhverfismálum frá umhverfisnefnd Hvalfjarðarsveitar.

17. feb. - Erfiðustu spurningarnar koma ekki á prófi!. Ráðstefna sem Sigga Lára sótti og hefur með list- og verkgreinar að gera.

18. feb. – Kynning frá Menntaskólanum í Borgarnesi fyrir 10. Bekkinga

18. feb. – Endurmenntun í Heiðarskóla. Hilmar Arason aðstoðarskólastjóri Grunnskóla Borgarness flutti erindi um innleiðingarvinnu nýrrar aðalnámskrár hjá Grunnskóla Borgarness.

19. feb. – Skólaheimsóknir leikskólabarna hófust aftur á þessari önn. Fjórtan börn sem koma í 1. bekk næsta haust fara í Heiðarskóla næstu átta vikurnar, kynnast nemendum, húsnaðinu og taka þátt í skólastarfinu með ýmsum hætti.

21. feb. – Konukaffi í leikskólanum. Að þessu sinni var brugðið út af vananum og konunum boðið í morgunkaffi sem tókst með miklum ágætum.

21. feb. – Katrín Rós, náms- og starfsráðgjafi sótti námskeið í Bendli

Í febrúar var unnið áfram í skólanámskránni. Í Heiðarskóla var verið að útfæra skólamarkmið þvert á námsgreinar. Þessi skólamarkmið hafa með áherslur og stefnu skólans að gera t.d. umhverfismennt, spjaldtölvukennslu, námstækni og uppbyggingarstefnu.

24. – 25. feb. – Vetrarfrí í Heiðarskóla

26. feb. – Fyrirlestur frá Saft fyrir nemendur Heiðarskóla um ábyrga netnotkun

26. feb. – Jónella fór á fund bókasafnsfræðinga

27. feb. – Sigga Vill og S. Björk sóttu námskeið hjá Greiningarmiðstöð ríkisins

Mánaðarskýrsla skólastjóra – mars 2014

31. mars 2014

1. mars – Þórdís Þórisdóttir endurráðin sem sviðsstjóri Skýjaborgar

Danskennsla hófst í leik- og grunnskólanum, kemur til með að standa í fimm vikur og endar með sýningu á hvorum stað.

Unnið hefur verið með gildi skólans í Heiðarskóla – Virðing, samvinna, vellíða og metnaður – Fjölbreytt verkefni sem ætluð eru til aukins skilnings á þessum gildum sem við viljum leggja mikla áherslu á í starfi skólans

Elstu börnin í Skýjaborg hafa unnið í vinnuþema í mars, þau hafa m.a. unnið vinasögur, gert vinasáttmála og vinatré og lært helling um það hvað það er að vera vinur.

3. mars – Bolludagur

4. mars – Sprengidagur

5. mars – Öskudagur. Skólastrarfið brotið upp þennan dag, kötturinn sleginn úr tunninni og smá ball fyrir nemendur.

6. mars – Stóra upplestrarkeppni í Heiðarskóla hjá 7. bekkjum

7. mars. – Leiðtoganámskeið á Akranesi á vegum Dale Carnegie, Jón, Sigga Lára og Þórdís fóru.

11. mars – Stærðfræðikeppni FVA. Þrír keppendur úr Heiðarskóla unnu til verðlauna, verðlaunaafhending verður 5. Apríl (eða þegar verkfall leysist)

12. mars – Sameiginlegur umhverfisfundur leik- og grunnskólans í Heiðarskóla

13. mars – Jón sótti Gert fund á Akranesi

13. mars – Bingókvöld í Heiðarskóla til styrktar Danmerkurferð 2015.

14. mars – Starfsdagur í leikskólanum, námskeið „Leikur að læra“, starfsmannafundur og deildarfundir / undirbúningur fyrir foreldraviðtöl.

17. mars – fulltrúar sveitarfélagsins Langanesbyggðar komu í heimsókn í Heiðarskóla til að skoða bygginguna

17. – 19. Mars – Foreldraviðtöl í Skýjaborg

18. mars – Starfsfólk Grunnskóla Borgarfjarðar komu í heimsókn í Heiðarskóla til að kynna sér starf skólans, um 60 manna hópur.

19. mars – Jónella og Hrafnhildur fóru í heimsókn í Grundarskóla til að kynna sér byrjendalæsi

18. – 20. mars – 10. bekkingar í starfskynningum

18. mars – Rétt málsmeðferð, námskeið í stjórnsýslumálum í Borgarnesi, Þórdís fór.

19. mars – Sameiginlegur starfsmannafundur í Heiðarskóla. Unnið áfram í skólanámskránni.

19. mars – Leikhópur frá FVA kom og kynnt söngleik sem hann er að setja upp á Akranesi, Gauragangur. Fyrirverandi nemendi Heiðarskóla leikur m.a. aðalhlutverkið.

25. mars – Endurmenntunarnámskeið í Ipad í Heiðarskóla sem Ragnar Þór frá Skema hélt utanum.

26. mars – Heimasíða sem heldur utan um Ipad verkefni leik- og grunnskóla kynnt – hjalmurhskoli.wix.com/ipad. Hjálmur heldur utan um síðuna. Fljótlega verður notað annað lén fyrir síðuna www.ipadihvalfjardarsveit.com

27. mars – Skólastjórafundur samstarfsskólanna á Vesturlandi í Heiðarskóla. Rætt um samstarfið á líðandi vetri og hugað að skóladagatali 2014-2015.

27. mars – Skólahreystikeppni grunnskólanna í Kópavogi, Heiðarskóli sendi lið í keppnina og öflugan stuðningshóp 4. – 10. Bekkinga.

28. mars – Unnið með samvinnugildið í Heiðarskóla.

13. maí 2014

Apríl Lögð áhersla á umhverfismennt, útinám og stuttar vettvangsferðir í apríl, bæði í leik- og grunnskóla.

2. apríl Dagur barnabókarinnar haldinn í leik- og grunnskóla.

4. apríl Dansnámskeiðinu lauk með danssýningum í Skýjaborg og Heiðarskóla. Jóhanna danskennari hefur náð vel til nemenda og hafa þeir tekið virkan þátt í dansinum og haft gaman af.

4. -5. Apríl Sú nýbreytni var tekin upp núna að bjóða upp á smiðjuhelgi fyrir unglingastigið og að þessu sinni var lögð áhersla á undirbúning fyrir árshátíðina. Einnig fengum við fræðslu frá Ragnheiði sem var með námskeið í anda Dale Carnegie þar sem áhersla var lögð á sjálfsmynd, framkomu, sjálfstæði og taka ábyrgð á eigin lífi og ákvörðunum. Smiðjuhelgin og námskeiðið tókst vel.

8. apríl Katrín Rós fór á námskeið, Fjár sjóðsleitin

9. apríl Spjaldtölvuverkefni Leik- og grunnskólans var kynnt á heimasíðunni www.hvalfjardarsveit.com. Hjálmur Dór heldur utan um síðuna.

9. apríl Elstu börn leikskólans voru að vinna í grenndarverkefni og tengdu það við grænánaverkefnið. Börnin kynntu sér hvar allir í leikskólanum búa. Einnig lærðu þau um helstu örnefni Hvalfjarðar. Lesin var þjóðsagan Rauðhöfði en hún segir frá mörgum örnefnum sveitarinnar.

10. apríl Áhugasamir gestir úr grunnskólum Garðabæjar komu í heimsókn til að kynna sér spjaldtölvuvæðingu okkar.

10. apríl Árshátíð Heiðarskóla. Góð mæting var á árshátíðina og vel látið að skemmtiatriðum.

11. apríl Náttfatadagur í Heiðarskóla

11. apríl Afhending verðlauna fyrir góðan árangur í stærðfræðikeppni grunnskólanna í FVA. Þrír nemendur Heiðarskóla unnu til verðlauna.

12. – 22. apríl. Páskafrí í Heiðarskóla

25. apríl Haldið var upp á Dag umhverfis í Heiðarskóla. Dagurinn

28. apríl Ipad námskeið fyrir starfsmenn leikskólans sem Örn hélt utan um.

29. apríl Vorskólakynning fyrir nemendur og foreldra í Heiðarskóla. Berglind Bergsdóttir var kynnt sem umsjónarkennari 1. bekkjar næsta haust.

30. apríl Starfsdagur í leikskólanum. Farið var í heimsókn í þrjá leikskóla í Borgarfirði – Hvanneyri – Borgarnesi og Bifröst. Auk þess var haldin stuttur starfsmannafundur á Hraunsnefni.

30. apríl „Lyngbrekkuball“ samstarfsskólanna á Vesturlandi var að þessu sinni haldið í Fannahlíð undir stjórn Heiðarskóla.

Mánaðarskýrsla skólastjóra – maí og júní 2014

1.maí – Frídagur verkamanna, frí í leik- og grunnskólanum

Vinnufundir vegna nýrrar heimsíðu voru nokkrum sinnum í maí og júní, fundina sóttu Þórdís Þórisdóttir fyrir Skýjaborg, Sigríður Lára Guðmundsdóttir og Kolbrún Sigurðardóttir fyrir Heiðarskóla. Gert er ráð fyrir því að ný heimasíða fari í loftið næsta haust.

2. maí - heimsókn í leikskólann frá starfsmönnum Klettahlíðar úr Mosfellsbæ

6. maí – Fundur teymis um framtíðarmál leikskólans, Jón sótti fundinn.

6. maí – Vorskóli leikskólabarna í Heiðarskóla, fyrsti skóladagur af þremur.

8. maí – Annar dagur vorskólans

14. maí – Þriðji og síðasti dagur vorskólans

15. maí – Fræðslu- og skólanefndarfundur, Jón sótti fundinn og Einar S. og Ragna fyrir hönd starfsmanna.

19. maí - Ferð 1. bekkinga og elsta árgangs leikskólans til Borgarness, farið í Landnámssetrið, Bjössu róló o.fl.

21. maí - Gróðursetningardagur í Heiðarskóla

21. maí – Aðalfundur foreldrafélagsins haldinn í Skýjaborg

23. maí – Surviviordagurinn í Fannahlíð

26.-28. Maí – Skólaferðalag unglingastigsins. Farið var að þessu sinni í Skagafjörð, ferðin tókst vel að öllu leyti.

26 – 28. maí – Hjóladagar 1.-7. Bekkjar. Lögreglan kom í heimsókn.

27. maí – Sveitaferð að Bjarteyjarsandi hjá Skýjaborg

27. maí – Útskrift árgangs 2008 úr Skýjaborg

28. maí – Fundur með knattspyrnudeild ÍA kl. 9, Jón mætti

28. maí – Óvissuferðir leik- og grunnskólastarfsmanna eftir vinnu, tvær ferðir

30. maí – Íþróttadagur Heiðarskóla

1. – 30. Júní – Heiðarborg opin almenningi frá 15-19 alla virka daga

2. júní – Starfsdagur, undirbúningur fyrir skólaslit í Heiðarskóla

3. júní – Skólaslit

4. – 6. Júní – Starfsdagur í Heiðarskóla – endurskoðuð starfsáætlun, starfsmannafundur, sjálfsmat og undirbúningur fyrir næsta vetur

6. júní – Hálfur starfsdagur í Skýjaborg – sjálfsmat, starfsmanna- og deildarfundir og undirbúningur fyrir næsta vetur.

4. júlí – síðasti dagurinn í Skýjaborg fyrir sumarfrí